





# EFNÍ BLAÐSINS



## Vernd heimildarmanna

- 4 Páll Þórhallsson:  
Réttur blaðamanna til að halda heimildum leyndum
- 8 Bryndís Hlöðversdóttir:  
Heimildavernd - lykill að öflugri fjölmiðlun
- 12 Birgir Guðmundsson:  
Um flautun og heimildavernd
- 14 Tilmæli Evrópuráðsins
- 18 Árás á heimildavernd

## Umræðan

- 19 Róbert Marshall:  
Um eigendur
- 20 Guðlaugur Bergmundsson:  
Á skólabeck í Sana'a

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:  
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Forsíðumynd: Frá aðalfundi Blaðamannafélagsins

### Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,  
bréfsími 553-9177 og  
netfang bi@press.is  
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00–14.00.  
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,  
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókarí.



22 Anna G. Ólafsdóttir:  
Fjölmiðlar og fjölmenning

25 Adda Steina Björnsdóttir:  
Trúin á fjölmiðlaöld

## Blaðamannafélagið

29 Frá aðalfundi

32 Úrskurðir Siðanefndar

# Vernd heimildarmanna —breyttur Blaðamaður

Spurningin um verndun heimildarmanna blaðamanna hefur á undanförunum misserum fengið aukið mikilvægi í umræðu um tjáningarfrelsi og starfsumhverfi fjölmiðla á Vesturlöndum. Hér á landi hafa nokkur mál verið í umræðunni þessa efnis og samtök blaðamanna í Evrópu töldu ástæðu til að halda sérstakt málþing um þróun þessara mála í tengslum við ársfund sinn í Prag síðastliðið sumar. Blaðamaðurinn, tímarit Blaðamannafélagsins, kemur nú út í fyrsta sinn í nokkuð breyttu formi og er þetta mikilsverða málefni einmitt þema þessa fyrsta eintaks eftir breytingar.

Hugmyndin er að reyna að gera tilteknum málefnum sérstök skil í hverju eintaki blaðamannsins í framtíðinni og nota þá jafnvel fleiri en eina grein undir umfjöllun um þau aðalefni, sem til umræðu eru hverju sinni. Áfram mun blaðið birta efni og tíðindi af vettvangi Blaðamannafélagsins og sérstaklega er óskað eftir að blaðamenn og aðrir áhugamenn um fjölmiðla skrifi greinar í blaðið og haldi uppi almennri umræðu samhliða aðalefninu hverju sinni. Nokkrar breytingar hafa orðið í útgáfumálum BÍ þar sem sérstakt átak hefur verið gert í því að viðhalda og uppfæra nær daglega vef félagsins, press.is, og eru nýjar áherslur í útgáfu Blaðamannsins tilraun til að finna heppilegt jafnvægi og samhljóm milli vefsíðunnar og hins prentaða máls.

Spurningin um rétt blaðamanna til að vernda heimildamenn sína er í raun spurning um óháða og sjálfstæða blaðamennsku, eins og kemur fram í þeirri umfjöllun sem hér er í blaðinu. Víða er í máli þeirra sem í blaðið skrifa skírskotun til 10. greinar Mannréttindasáttmála Evrópu, en sú grein fjallar um tjáningarfrelsið og er grundvöllur fyrir ýmsum tíma-mótadómum Mannréttindadómstólsins í Stassbourg. Í þessari grein sáttmálans segir m.a.: „*Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. .... Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.*“

Segja má að spurningin um vernd heimildamanna snúist einmitt um hvar mörkin liggja á milli þessa réttar til að „skila áfram upplýsingum án afskipta stjórnvalda“ og skilyrða sem tengd eru skyldu og ábyrgð vegna „þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla“. Vonandi mun sú umfjöllun sem Blaðamaðurinn býður upp á í þessu tölublaði varpa ljósi á þessi álitamála.

Birgir Guðmundsson

## Stjórn BÍ:

Róbert Marshall, Stöð 2, formaður  
Arna Schram, blaðamaður Mbl., varaformaður  
Jóhann Hliðar Harðarson, fréttam. Stöð 2/Bylgjan, ritari  
Geir A. Guðsteinsson, blaðamaður DV, gjaldkeri  
Björgvin Guðmundsson, blaðam. á Morgunblaðinu  
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari DV  
Haflíði Helgason, blaðamaður Fréttablaðinu

## Varamenn:

Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is  
Helga Dögg Björgvinsdóttir blaðamaður Fróða  
Arndís Þorgeirsdóttir, blaðamaður DV

## Samningaráð:

Róbert Marshall, Stöð 2.  
Arna Schram, Mbl.  
Hjálmar Jónsson, Mbl.  
Arndís Þorgeirsdóttir, DV.  
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2.  
Kristján Hjálmarsson, Fréttablaðinu.  
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

## Varamenn:

Egill Ólafsson, Mbl.  
Fríða Björnsdóttir, Fróða.  
Þorvaldur Ö. Kristmundsson, DV.

## Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, form., Fróða  
Hilmar Karlsson, varaform., DV  
Lúðvík Geirsson, ritari, BÍ

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

## Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.  
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

## Stjórn og fulltrúaráð Fjólís:

Hjálmar Jónsson  
Arndís Þorgeirsdóttir

## Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

### Morgunblaðið:

Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson  
og Hjálmar Jónsson

### Dagblaðið/Visir:

Arndís Þorgeirsdóttir

### Stöð 2/Bylgjan:

Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hliðar Harðarson

### Fréttablaðið:

Kristján Hjálmarsson

### Fróði:

Fríða Björnsdóttir

### Heimur:

Anna Margrét Björnsson

### Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

## Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., form.  
Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.  
Sigurveig Jónsdóttir fyrrum fréttastjóri  
Örn Valdimarsson fulltrúi útgefanda  
Hreinn Pálsson fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

## Varamenn eru:

Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður  
Jóhannes Tómasson blaðamaður  
Pétur Gunnarsson, blaðamaður



Eftir  
Pál Þórhallsson

# Réttur blaðamanna til að halda heimildum leyndum

Ríkinu ber skylda til að virða trúnaðarsamband milli blaðamanna og heimildarmanna þeirra. Að krefjast þess að trúnaður sé rofinn jafngildir því eyðileggja þetta trúnaðarsamband. Jafnframt aftrar slíkt öðrum sem búa yfir upplýsingum frá því að greina blaðamönnum frá þeim. Ef blaðamaður getur ekki heitið heimildarmönnum sínum fullum trúnaði er starf hans torveldað til muna.

Þessi réttur blaðamanna hefur hlotið viðurkenningu þjóðaréttarins undanfarin ár. Má þar fyrst nefna yfirlýsingu evrópsks ráðherra-fundar um fjölmiðla sem haldinn var í Prag árið 1994<sup>1</sup> þar sem sagði að verndun trúnaðar milli blaðamanna og heimildarmanna þeirra væri skilyrði fyrir því að fjölmiðlar gætu lagt sitt af mörkum til lýðræðisþjóðfélagsins.

Ekki er minnst beinum hætti á rétt

blaðamanna til að vernda heimildir sínar í 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar segir einungis að tjáningarfrelsi feli í sér rétt til að „taka við og skila áfram upplýsingum“. Ef unnt er að skikka blaðamenn til að ljóstra upp um heimildir sínar kann það að vega að rétti þeirra og þar með alls almennings til að taka við upplýsingum.

## Tímamótadómur

Á þetta reyndi í fyrsta skipti í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Goodwin gegn Stóra Bretlandi* (27. mars 1996). Þar segir að sé ekki fyrir hendi vernd heimilda blaðamanna „... kann það aftra heimildarmönnum frá því að aðstoða fjölmiðla við að veita almenningi upplýsingar um málefni

sem varða almannahag. Hlutverk fjölmiðla sem varðhundur almennings kann að vera í hættu sem og möguleikar þeirra til að flytja ná-

kvæmar og áreiðanlegar fréttir.“

Tjáningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttindi án takmarkana. Þannig segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrirmæli um að blaðamaður upplýsi hver sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu nema önnur veigameiri sjónarmið eigi við. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun.

Í Goodwin-málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. grein sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin, ungur blaðamaður fyrir tímaritið *Engineer*, sem fjallar um viðskiptamálefni, fékk í hendur trúnaðarskjöl sem bentu til að fyrirtækið Tetra væri í kröggum. Fyrirtækið fór fyrir rétt í því augnamiði að komast að því hvaða starfsmaður hefði lekið þessum upplýsingum. Úrskurðaði dómari að Goodwin skyldi láta af hendi þær upplýsingar sem hann hefði enda myndi það gera fyrirtækinu kleift að fara í mál gegn heimildarmanninum, endurheimta trúnaðargögnin og gera aðrar ráðstafanir til að takmarka tjón sitt. Goodwin hlítti ekki úrskurðinum og var dæmdur til að greiða 5000 punda sekt.

<sup>1</sup> Yfirlýsingu um frelsi blaðamanna og mannréttindi, sem samþykkt var á Prag-fundinum má finna á eftirfarandi heimasíðu: [www.coe.int/media](http://www.coe.int/media).



Hæstiréttur Íslands hefur dæmt í máli er varðar rétt blaðamanns til að gefa ekki upp heimildarmann. Það var í hinu svokallaða Agnesarmáli, sem snerist um greinaflokk Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu árið 1995. Ljósmynd: Goll

Mannréttindadómstóllinn taldi hins vegar í kjölfar álits Mannréttindanefndar Evrópu <sup>2</sup> að þessi takmörkun á frelsi blaðamannsins væri óhófleg miðað við það markmið sem að var stefnt. Hún gæti því ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

## Þýðing í meiðyrðamáli

Réttur blaðamanna til að standa vörð um heimildir sínar getur einnig skipt máli þótt þeir séu aðilar máls en ekki vitni. Á þetta reyndi í máli *De Haes og Gijssels gegn Belgíu* en dómur var kveðinn upp 24. febrúar 1997. Kærendur, blaðamaður og ritstjóri, höfðu komist yfir trúnaðargögn í tilteknu dómsmáli sem varð þeim til efni til að bera fram hvassa gagnrýni á viðkomandi dómara. Þeir sem urðu fyrir gagnrýninni fóru í meiðyrðamál en þar veigruðu blaðamennirnir sér við að færa sönnur á hvöss ummæli

sín þar sem gögnin sem þeir bjuggu yfir báru það með sér hver heimildarmaðurinn væri. Freistuðu þeir þess að fá belgíska dómstóllinn sem um málið fjallaði til að afla gagnanna sjálfur hjá þeim dómstóli þar sem þau voru vistuð. Við því var ekki orðið og voru blaðamennirnir dæmdir fyrir meiðyrði.

Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að Belgía hefði með þessum hætti brotið gegn 6. grein Mannréttinasáttmála Evrópu sem verndar réttláta málsmeðferð. Var talið að sjónarmið kærenda um vernd heimildarmanna hefði ver-

Með því að neita afla gagna sjálfur sem rennt hefðu getað stoðum undir ásakanir blaðamannanna braut belgíski dómstóllinn gegn rétti þeirra til að standa jafnfætis andstæðingum sínum í málinu.

ið lögmætt og taka yrði tillit til þess. Með því að neita að afla gagna sjálfur sem rennt hefðu getað stoðum undir ásakanir blaðamannanna braut belgíski dómstóllinn gegn rétti þeirra til að standa jafnfætis andstæðingum sínum í málinu.

## Óheimilt að fara inn bakdyramegin

Það er ljóst að réttur blaðamanna færi fyrir lítið ef yfirvöld gætu farið í kringum hann og beitt öðrum „lögmætum“ aðferðum eins og húsleit og símhlerunum til að finna út hver heimildarmaðurinn er. Á þetta reyndi í nýlegum dómi Mannréttindadóm-

<sup>2</sup> Þess má geta að álit Mannréttindanefndarinnar lá fyrir áður en Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í máli Agnesar Bragadóttur, H 1996.40, og er ekki ósennilegt að Hæstiréttur hafi tekið mið af því þótt ekki sé þess getið berum orðum.



Þing Evrópuráðsins. Bæði þing og ráðherraráð Evrópuráðsins hafa látið trúnaðarsamband blaðamanna og heimildarmanna þeirra til sín taka.

Ljósmynd: Davíð Logi Sigurðsson

stóls Evrópu, *Roemen og Schmit gegn Lúxemborg*, sem kveðinn var upp 25. febrúar 2003. Blaðið *Letzebuerger Journal* hafði birt frétt þess efnis að ráðherra í Lúxemborg hefði verið dæmdur fyrir skattsvik. Þótti ljóst að blaðið hefði komist á snoðir um þetta með hjálp lausmálgra ríkisstarfsmanna. Þótt fréttin hafi verið rétt að því leyti að dómur um skattabrot ráðherrans hafði fallið á fyrsta dómstigi þá undi hann ekki ummælum sem fylgdu með í fréttinni. Þess má geta að eftir að fréttin birtist var hann sýknaður með áfrýjunardómi. Skattsvikamál ráðherrans fór að lokum fyrir Hæstarétt Lúxemborgar en ekki fylgir sögunni hverjar urðu málalýktir þar. Ráðherrann kærði blaðið fyrir hlutdeild í trúnaðarbroti ónefnds ríkisstarfsmanns. Saksóknari lét fyrirskipa húsleit hjá blaðamanninum sem skrifað hafði fréttina, bæði á skrifstofu hans og heima hjá honum.

Mannréttindadómstóllinn taldi að

ekki hefði verið sýnt fram á að lúxemborgsk yfirvöld hefðu ekki getað upplýst trúnaðarbrot ríkisstarfsmannsins með öðrum ráðum eins og til dæmis með yfirheyrslum og húsleit á þeim skrifstofum þar sem vitneskja lá fyrir um skattabrot ráðherrans. Dómstóllinn taldi ennfremur að munur væri á þessu máli og Goodwin-málinu. Jafnvel þótt húsleit hjá blaðamanninum hafi ekki borið árangur þá feli hún í sér "alvarlegri íhlutun heldur en fyrirskipun um að upplýsa um heimild". Í ljósi þessa var talið að aðgerðir yfirvalda hefðu gengið úr hófi og 10. grein sáttmálans því verið brotin. Svipuð niðurstaða varð í máli Ernst og fleiri gegn Belgíu (dómur kveðinn upp 15. júlí 2003) þar sem rannsóknardómari hafði látið framkvæma húsleit samtímis hjá þremur dagblöðum og ríkissjónvarpi í frönskumælandi hluta Belgíu í því augnamiði að finna út hvaðan úr dómskerfinu upplýsingar

lækju um viðkvæm sakamál. Taldi Mannréttindadómstóllinn að aðgerðir þessar þar sem tóku þátt á annað hundrað lögreglumenn hefðu keyrt úr hófi og því hefði 10. grein sáttmálans verið brotin.

### Blaðamenn sakfelldir fyrir hlutdeild í trúnaðarbroti

Fyrir kemur að blaðamenn séu ákærðir fyrir hlutdeild í trúnaðarbroti ríkisstarfsmanns sem lekið hefur upplýsingum þótt ekki sé vitað hver hann er. Slíkt getur auðvitað vegið að rétti blaðamanns til að afla upplýsinga með hjálp ónafngreindra heimildarmanna og koma þeim á framfæri við almenning. Á þetta reyndi í máli *Fressoz og Roire gegn Frakklandi* en dómur Mannréttindadómstólsins féll 21. janúar 1999. Blaðamennirnir höfðu birt frétt um launahækkanir til handa forstjóra Peugeot á sama tíma og fyrirtækið átti í kjaradeilu við almenna starfs-

menn. Voru blaðamennirnir dæmdir fyrir hlutdeild í trúnaðarbroti ónefnds starfsmanns skattfirvalda sem hafði sent þeim afrit af skattframtali forstjórans. Mannréttindadómstóllinn taldi enn að um brot á 10. grein sáttmálans væri að ræða.

## Íslensk löggjöf

Í lögum margra Evrópuþjóða er kveðið á um rétt blaðamanna til að víkja sér undan vitnaskyldu. Hvað lengst er þar gengið í Svíþjóð þar sem ólíkt því sem gerist víðast annars staðar er lítið á nafnleyndina sem rétt heimildarmanna með þeim afleiðingum að blaðamönnum er óheimilt að skýra frá hverjir þeir eru. Þagnarskyldu blaðamanna má einungis aflétta þegar sérstaklega ríkar aðstæður mæla með því.<sup>3</sup>

Íslenskur réttur gerir greinarmun á því hvort um einkamál er að ræða eða opinbert. Samkvæmt 2. mgr. 53. greinar laga um meðferð einkamála er vitni óheimilt án leyfis þess sem á í hlut að svara spurningum um hver er höfundur eða heimildarmaður að frásögn í fjölmiðli þar sem nafns er ekki getið. Þetta ákvæði er augljóslega í ætt við sænska fyrirkomulagið og veitir blaðamönnum ríka vernd þegar um einkamál er að tefla.

Hvað varðar refsímálin hins vegar, segir í 1. mgr. 53. greinar laga um meðferð opinberra mála að óskýlt sé að greina frá heimild að frásögn nema vitnisburðar sé krafist vegna alvarlegs afbrots enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

## Mál Agnesar Bragadóttur

Á þetta síðarnefnda ákvæði reyndi í máli Agnesar Bragadóttur og felldi

Hæstiréttur úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að henni bæri að greina frá því hvaða skriflegar heimildir hún hafi haft fyrir greinum sínum um endalok Sambandsins sem birtust í Morgunblaðinu og hver hafi látið þær heimildir í té. Héraðsdómur lagði ekki mikið upp úr hlutverki hinnar opinberu umræðu í þessu sambandi heldur byggði einkum á því að tiltölulega fámennur hópur lægi undir grun um að hafa rofið trúnað og brotið þannig og því væri brynt að komast að því hver heimildarmaðurinn væri.

Í forsendum hæstaréttardómsins er hins vegar lögð áhersla á gildi opinberrar umræðu um málefni Sambandsins og skuldaskil sem og um starfsaðferðir lánastofnana í landinu. Þar sem skuldaskilum hafi verið lokið hafi ekki sömu hagsmunir tengst trúnaði og ella. Auk þess hafi Landsbankinn ekki haft frumkvæði að því að rannsaka hvaðan „lekinn“ hafi komið. Var því talið að ekki væru nægilega ríkir hagsmunir í húfi til þess að skerða rétt blaðamannsins.

## Tilmæli Evrópuráðsins

Eins og bent var á í þingsályktunartilögu nokkurra þingmanna sem lögð var fram á Alþingi um það leyti sem mál Agnesar Bragadóttur bar sem hæst<sup>4</sup> skortir í íslensk lög ákvæði sem vernda blaðamenn og fjölmiðla gegn því að rannsóknaraðgerðum

eins og húsleit og hlerunum sé beitt til þess að komast á snoðir um hvaða gögn og upplýsingar þeir hafi haft undir höndum.

Tillaga þessi sem gekk út á að lög um þetta efni yrðu endurskoðuð náði ekki fram að ganga. Ef hins vegar yrði af slíkri endurskoðun þá væri vert að líta til tilmæla Evrópuráðsins nr. (2000) 7 um rétt blaðamanna til að greina ekki frá heimildum upplýsinga.<sup>5</sup> Þar segir meðal annars að ekki skuli skylda

blaðamann til að greina frá heimildum sínum nema sýnt hafi verið fram á með óyggjandi hætti

a) að ekki séu fyrir hendi aðrar leiðir til að ná sama markmiði og

b) að hagsmunir af því að upplýsa hver heimildin er séu augljóslega ríkar en almannahagsmunir af því að trúnaður verði haldinn.

Jafnframt segir í tilmælunum að rannsóknaraðgerðir skuli ekki heimil aðar ef tilgangur þeirra er að sneiða hjá rétti blaðamanna til halda heimildum leyndum.

Höfundur starfar sem lögfræðingur hjá Evrópuráðinu. Skoðanir sem birtast í greininni eru alfarið á ábyrgð höfundar og endurspeglar ekki nauðsynlega viðhorf Evrópuráðsins.

3 Sjá Páll Sigurðsson: *Fjölmiðlaréttur*, bls. 269.

4 261. mál á 120. löggjafarþingi.

5 Sjá [www.coe.int/media](http://www.coe.int/media).



*Bryndís Hlökkversdóttir er fyrsti flutningsmaður að tveim samstæðum frumvörpum um vernd heimildarmanna.*

*Ljósmynd: JIM*

Bryndís Hlökkversdóttir alþingismaður skrifar:

# Heimilda- vernd

- lykill að öflugri fjölmiðlun



Á síðustu mánuðum hefur verið mikil umræða í samfélaginu um gildi frjálsrar fjölmiðlunar og fólki hefur orðið tíðrætt um nauðsyn þess að til staðar séu óháðir fjölmiðlar í landinu sem búi við viðunandi starfsumhverfi. Umhverfi sem gerir þeim kleyft að sinna sínum frumskyldum, að upplýsa almenning um það sem gerist í samfélaginu og sannanlega á þangað erindi. Margir hafa haldið því fram að það sé ríkjandi ótti í samfélaginu, að fólk þori ekki að tjá sig við þá sem kynnu að vilja koma mikilvægum upplýsingum á framfæri en forsenda þess að upplýsingar berist almenningi er jú að einhver þori að segja frá því sem gerist. Gildir þar einu hvort um er að ræða opinbera starfsmenn eða eftir atvikum starfsmenn einkafyrirtækja. Lykillinn að því að fjölmiðlar fái upplýsingar sem sannarlega eiga erindi til almennings er ríkuleg vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Um það fjalla þau frumvörp sem ég hef nú ásamt fleirum lagt fram á Alþingi og geri betur grein fyrir hér á eftir.

## Tjáningarfrelsið - starfsumhverfi fjölmiðla

Tjáningarfrelsið er verndað í 73. gr. stjórnarskrárinnar en samkvæmt þeirri grein eru allir frjálsir skoðana sinna og sannfæringar og eiga rétt á að láta í ljós hugsanir sínar. Á síðari árum benda ýmis dæmi til þess að dómstólar í lýðræðisríkjum hafi viðurkennt með skýrum hætti hlutverk og gildi fjölmiðla í samfélaginu. Nokkur merki þessa má sjá í íslenskum dómum en þau eru frekar óljós og matskennd og myndu vart flokkast undir annað en vangaveltur. Hvað sem líður slíkum almennum um-sögnum í íslenskum dómum er á hinn bóginn óhætt að fullyrða að í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu megi finna fjölmörg dæmi þess að sá dómstóll hafi tjáð sig með skýrum hætti um hlutverk og gildi frjálsrar fjölmiðlunar. Má þar benda á mál The Sunday Times frá því í apríl 1979 en þar segir m.a. að í tjáningarfrelsi felist ekki aðeins frelsi til að veita upplýsingar sem eru óumdeildar, heldur nái það einnig til upplýsinga sem eru móðgandi eða truflandi fyrir ríkisvaldið eða hvaða hluta samfélagsins sem er. Þessi grundvallarregla er óhemju mikilvæg þegar kemur að fjölmiðlum og starfsumhverfi þeirra. Í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu sem varða brot á tjáningarfrelsi hefur auk þess verið staðfest að hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi felst ekki aðeins í því að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald með gagnrýninni umræðu heldur ekki síður í því að tryggja almenningi rétt til upplýsinga. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að heimildaverndin sé rík, ella er hætt við að tjáningarfrelsið sé skert óhóflega þar sem upplýsingastreymið er stíflað vegna ótta heimildarmanna við afleiðingar þess að upp komist um þá.



## Trúnaðarsambandið verndað - frávik í alvarlegustu brotum

Annað frumvarpið er um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla. Þar er lagt til að lögfestar verði sérstakar reglur til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra, með því að gera breytingar á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð opinberra mála, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sveitarstjórnarlögum og almennum hegningarlögum. Í frumvarpinu er hert verulega á þeim reglum sem nú gilda um heimildavernd í einkamálum og opinberum málum. Lagt er til að undanþegnir frá vitnaskyldu séu starfsmenn fjölmiðla auk þeirra sem vegna tengsla við fjölmiðla, gerð eða framleiðslu efnis hefur orðið kunnugt um hver heimildarmaður eða höfundur efnis er. Þó er gert ráð fyrir að heimilt sé að víkja frá heimildaverndinni ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots er ætla má að muni varða þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og hagsmunir af því að upplýsa málið vegi þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur. Í þessari undanþágu felst að ekki er nægilegt að refsiramminn geti rúmað fjögurra ára fangelsi, heldur þarf brotið sjálft að vera það alvarlegt að líklegt megi telja að fjögurra ára fangelsi yrði í reynd dæmt fyrir það. Þannig koma einungis alvarlegustu brot til greina sem réttlætning á frávikum frá heimildaverndinni, brot eins og manndráp, meiri háttar líkamsmeiðingar, eiturlyfjadreifing í stórum stíl, meiri



háttar auðgunarbrot og almannahættubrot. Aðeins í slíkum alvarlegum málum má dómari víkja heimildaverndinni til hliðar, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og hagsmunir af því að upplýsa málið vegi þyngra en hagsmunir almennings af að fá umræddar upplýsingar í hendur, eins og áður greinir. Ef um er að ræða frávik frá heimildaverndinni á grundvelli brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi er mikilvægt að skoða þá heimild í ljósi breytinganna sem lagðar eru til í frumvarpinu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sveitarstjórnarlögum og almennum hegningarlögum. Í þeim tilögum er starfsmanni heimilað að víkja frá þagnarskyldu ef málefni varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að brýnt erindi við almennung. Dómari leggur þó að lokum mat á hvort vegi þyngra, hagsmunirnir af því að upplýsa viðkomandi refsímál eða hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.

### Gagna aflað með leit eða haldlagningu - þagnarskylda opinberra starfsmanna

Í frumvarpinu er lagt til að heimildaverndin nái til sönnunargagna sem aflað er með leit og haldlagningu og hafa að geyma upplýsingar um það hver höfundur efnis eða heimilarmaður er. Í þessu nýmæli felst að óheimilt er að nota sönnunargögn fyrir dómi sem aflað hefur verið á grundvelli heimilda réttarfarslaga um leit og haldlagningu, hafi þau að geyma upplýsingar um nöfn heimildarmanna og höfunda. Þetta er þá háð sömu takmörkunum og undanþág-

an frá vitnaskyldunni sem áður er greint frá, þ.e. ef um er að ræða alvarlegustu tegundir brota. Eins og áður sagði er lagt til í frumvarpinu að lögfest verði heimild til handa starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga til að víkja frá þagnarskyldu þegar veigamiklir almannahagsmunir eru í húfi. Jafnframt er lagt til að ef opinberir starfsmenn víkja frá þagnarskyldu af framangreindum ástæðum skuli það refsilaust. Auðvitað þurfa starfsmenn að fara mjög varlega þegar þeir meta hvort þær ástæður séu uppi að réttlætlanlegt sé að víkja frá þagnarskyldu.

### Sem dæmi um málefni sem ætti erindi við almennung eða varði ríka hagsmuni mætti nefna spillingu valdhafa, misbeitingu valds og hvers konar misnotkun á almannafé.

ing eða varði ríka hagsmuni mætti nefna spillingu valdhafa, misbeitingu valds og hvers konar misnotkun á almannafé eða misbrest á því að staðinn sé vörður um almannahagsmuni.

### Bótaréttur höfunda heimildarmanna

Í seinna frumvarpinu er einungis kveðið á um bótarétt höfunda og heimildarmanna þeirra. Frumvarpið kveður á um að starfsmaður sem rýfur þagnarskyldu með því að greina frá upplýsingum er varða almannahagsmuni og telja verður að eigi erindi við almennung, eigi rétt til bóta úr hendi vinnuveitanda fyrir tjón sem hann verður fyrir vegna uppsagnar, missis réttinda eða annarra aðgerða af hálfu atvinnurekanda sem sýnt er að séu viðbrögð við broti á þagnarskyldu. Ákvæðið nær til starfsmanna ríkis, sveitarfélaga og fyr-

irtækja, félaga eða stofnana hvernig sem eignarhaldi þeirra er háttað.

### Úrbóta þörf í íslenskri löggjöf

Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu sem hefur gefið út tilskipun ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. 7/2000 en þar er að finna leiðbeinandi reglur um rétt fjölmiðlamanna til að halda heimildum sínum og heimildarmönnum leyndum. Í þeim reglum eru mjög skýr tilmæli til aðildarríkjanna um það að þau taki þessa vernd tryggilega upp í sína löggjöf. Að mínu mati hefur verndin ekki verið nægilega tryggð í íslenskum lögum. Því til stuðnings má vitna í Pál Sigurðsson prófessor sem segir í riti sínu Fjölmiðlaréttur að „enda þótt nú nýlega hafi farið fram umfangsmikil og stórgagnleg endurskoðun á réttarfarslöggjöf okkar þar sem lagaákvæðin um nafnleynd eða þagnarvernd höfunda og heimildamanna er m.a. að finna, eru þau ákvæði lagabálkanna sem hér skipta máli varla nægilega skýr að öllu leyti svo sem fyrr hefur verið rakið. Úr því þarf að sjálfsögðu að bæta en við þær endurbætur mætti m.a. hafa nokkra hliðsjón af hinum nýlegu dönsku ákvæðum sem fjalla um þetta efni en þau eru um sumt skýrari en hin íslensku auk þess sem dönsku ákvæðin virðast hafa að geyma heppilegri efnisreglur en okkar, a.m.k. í sumum efnum“. Við samningu frumvarpanna tveggja var farið að þessum ráðum Páls og voru dönsku ákvæðin um sama efni höfð til hliðsjónar að nokkru leyti. Verði frumvörpin að lögum er ljóst að heimildaverndin yrði mun öruggari en nú og líklegri en áður að mikilvægar upplýsingar sem eiga erindi til almennings berist þangað. Til þess er leikurinn gerður.

### Höfundur er lögfræðingur og alþingismaður



## Frumvarp um vernd heimildarmanna á Alþingi

Fyrir Alþingi liggja nú tvö frumvörp sem varða vernd heimildarmanna á Íslandi. Flutningsmenn eru sex þingmenn Samfylkingar, en fyrsti flutningsmaður er Bryndís Hlökkversdóttir.

Hinn formlegi titill frumvarpsins er: „Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.“ Frumvarpið er farið í gegnum fyrstu umræðu og var um áramót í vinnslu í allsherjarnefnd, þar sem óskað hefur verið eftir umsögnum frá fjölmörgum aðilum, s.s. Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Reykjavíkuraðakademíunni, Blaðamannafélaginu,

Alþýðusambandinu, Lögmannafélaginu, Dómstólaráði o.fl

Við fyrstu umræðu urðu nokkrar umræður um frumvarpið og virtist það fá þokkalegar undirtektir hjá þeim sem tjáðu sig um það. Einar Karl Haraldsson, Samfylkingu, taldi frumvarðið tímabært og fagnaði því. Hjálmar Árnason, Framsóknarflokkki, tók fram að hann gæti vel hugsað sér að styðja frumvarp af þessu tagi, enda ljóst að trúnaðarsamband fjölmiðlamanna við heimildamenn væri mikilvægt atriði í lýðræðislegu samfélagi. Hjálmar vildi þó líka undirstrika þá ábyrgð sem hvíldi á fjölmiðlamönnum og það vald sem þeir hefðu væri mjög vandmeðfarið. Þar væru siðferðiskröfur



í forgrunni og ekki væri hægt að þvinga fram siðferði með lagasetningu.

Jónína Bjartmarz, Framsóknarflokkki, tók undir með flokksbróður sínum Hjálmar en velti því upp hvort vera kynni að Hæstiréttur Íslands hefði í dómi sínum í hinu svokallaða Agnesarmáli, þar sem henni var ekki gert að gefa upp heimildarmann sinn, skapað fordæmi sem e.t.v. gerði lagasetningu af þessu tagi óparfa.

Magnús Þór Hafsteinsson tók til máls í umræðunni og kvaðst vona að frumvarpið næði fram að ganga og að það fengi almenna umræðu í samfélaginu.



Hjálmar Árnason.



Jónína Bjartmarz.



Magnús Þór Hafsteinsson.



Einar Karl Haraldsson.



press.is vefur BÍ



# Lagaumhverfi hér verndar ekki heimildarmenn nema í gegnum blaðamenn



Eftir  
Birgi Guðmundsson

Eins og umræðan á Alþingi um frumvarp Bryndísar Hlöðversdóttur o.fl. ber með sér er greinilegt að það er nokkuð útbreidd skoðun meðal lögmannna, blaðamanna og margra stjórnálmanna að þörf kynni að vera á sérstakri vernd fyrir þá sem láta vita af spillingu eða lögbrotum í fyrirtækjum og/eða stofnunum í íslenskum lögum. Í það minnsta að þörf sé á umræðu um slíka vernd sem erlendis færast í vöxt og gengur almennt undir heitinu „whistleblowing“ eða „flautun“. Gildir þá einu hvort um væri að ræða heimildarmenn fjölmiðla eða þá sem ljóstra upp um misferli á einhverjum öðrum vígstöðvum. Kenningin er, að með því að skapa einhvern þann farveg, sem tryggir mönnum a.m.k. skaðleysi þótt þeir greini frá misferli sem menn komast að í starfi sínu, muni það leiða til þess að aðhald verði meira almennt með stjórnendum jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum. Ljóst er þó að það yrði í mögum tilvikum erfitt að setja slíkar reglur og vandi getur komið upp við að meta hvar mörkin eigi að liggja milli þess sem kallast eðlilegur trúnaður við fyrirtæki og/eða yfirmenn annars vegar og svo hvað borgaraleg skylda byður hins vegar.

## Landssímamaðurinn

Dæmið um starfsmann Landsímans, eða „litla Landsímamanninn“ sem var

rekinn fyrir að gefa upplýsingar innan úr fyrirtækinu um meint óeðlileg viðskipti stjórnarformanns við fyrirtækið hefur talsvert verið í umræðunni undanfarið misseri. Augljóst er að í hans tilfalli togast á þau grundvallarsjónarmið sem hljóta að koma upp í málum af þessu tagi. „Málin geta verið tveggjuð. Vissulega getur það verið í ákveðnum tilfellum þjóðfélagslega æskilegt að menn skýri frá upplýsingum, sem þeir búa yfir, en síðan vitum við á hinn bóginn að mörg störf krefjast trúnaðar og stundum getur verið erfitt fyrir viðkomandi starfsmann að greina á milli þess hvað eru upplýsingar sem fela í sér brot og hvað ekki,“ sagði Eiríkur Tómasson lagaprófessor í viðtali við þann sem þetta ritar og birtist í DV þegar mál Landsímamannsins var að ganga yfir.

Eiríkur taldi að snúið gæti verið að setja um þetta mjög ákveðnar lagareglur, þó það væri síður en svo útilokað. Eiríkur benti hins vegar á, að í íslenskum lögum séu ákvæði sem komi í veg fyrir að blaðamenn þurfi að gefa upp heimildarmenn sína, og um það hafi gengið hæstaréttardómur sem hafi nokkuð ákveðið markað stefnuna. Eins og lagaumhverfið á Íslandi sé í dag sé þetta í raun sú eina vernd sem heimildarmenn hafi, en ekki megi þó gera lítið úr henni því hún sé mjög þýðingarmikil. Engu að síður standi heimildarmenn berskjaldaðir ef einhver annar en blaðamaðurinn finnur út hver hann er og þá mun hann þurfa að svara fyrir þann trúnaðarbrest sem upp hefur komið.

## Opinber eða einkafyrirtæki

Eiríkur benti raunar á að fleira geti skipt miklu í þessu sambandi. Þannig geti það skipt verulegu máli hvort viðkomandi heimildarmaður sé að vinna hjá

opinberu fyrirtæki eða stofnun eða einkafyrirtæki og hvort hann flokkist sem opinber embættismaður eða ekki. Einnig geti það skipt máli hverjum heimildarmaðurinn veiti upplýsingarnar, sem hann telur þörf á að koma á framfæri. Hvort það sé gert við stjórnendum viðkomandi fyrirtækis eða hvort það sé gert við fjölmiðla.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. sem málið var einnig borið undir á þessum tíma, sá það með svipuðum hætti og Eiríkur hvað þetta varðar. Hann benti á að það geti skipt máli hvert menn fari með upplýsingarnar þó í flestum tilfellum hljóti það að vera til fjölmiðla. Og Ragnar telur líka, eins og Eiríkur, að það skipti verulegu máli hvort um embættismann sé að ræða eða einhvern annan. Um réttindi og skyldur embættismanna sé hægt að setja og hafi verið sett fjölmörg lög, en erfiðara sé að ná utan um það þegar menn eru ekki opinberir starfsmenn. Ragnar sagði að lítið hafi verið um þessi mál rætt í norrænni lögfræði, en hins vegar sé fyrirbærið „whistleblowing“ eða flautun, nokkuð sem hafi verið talsvert rætt annars staðar erlendis.

## Agnesar málið

Eins og fram kemur hjá lögmönnum er í íslenskum lögum gert ráð fyrir því að blaðamaður geti verndað heimildarmenn sína. Byggir það á prentlögum frá 1956 og lögum um meðferð opinberra mála frá 1991. Eins og fram kom hjá Eiríki Tómassyni hér að ofan og í grein Páls Þórhallssonar hér í blaðinu, þá hefur reynt á þetta fyrir Hæstarétti í máli Rannsóknarlögreglu ríkisins gegn Agnesi Bragadóttur blaðamanni. Málið snerist um það að Agnes ritaði árið 1995 í Morgunblaðið greinaflokk um SÍS og skuldaskil fyrirtækisins í Landsbankanum. Þetta var um það bil sem

Sambandið var að ganga frá sínum málum í bankanum. Þótti bankaefirlitinu sýnt að við ritun greinanna hefði Agnes haft undir höndum trúnaðarupplýsingar, sem enginn nema yfirmenn í Landsbankanum gætu hafa látið henni í té. Með því hafi viðkomandi yfirmenn rofið trúnað og ríkir hagsmunir væru til að koma refsingu yfir þá. Málið sneri því að starfsmönnum eða starfsmanni Landsbankans, sem þá var ríkisbanki og viðkomandi starfsmaður því opinber starfsmaður. Auk þess hvílir sérstök þagnarskylda á starfsmönnum viðskiptabanka og sparisjóða um allt sem varðar hagi viðskiptamanna þeirra. Eftir að hafa reifað málið komst Hæstiréttur að því að Agnesi þyrfti ekki að gefa upp nafn heimildarmanns síns. Ástæðan var hins vegar ekki sú að Agnes ætti skilyrðislausan rétt til að vernda heimildarmann sinn, heldur var ástæðan sú að Hæstiréttur taldi þá hagsmuni sem SÍS hafði í málinu ekki slíka að hún yrði að gera það.

## Fordæmisgildi

Í dóminum segir: „Eins og mál þetta liggur fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á, að svo ríkir hagsmunir séu í húfi fyrir Landsbanka Íslands, Samband íslenskra samvinnufélaga sem viðskiptamann hans, almenning eða rannsóknarvald, að varnaraðili geti ekki borið fyrir sig fyrri málslið 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991.“ Með öðrum orðum, þá leggur Hæstiréttur mat á það hagsmunajafnvægi sem uppi er, annars vegar hagsmuni fyrirtækisins og hins vegar almannahagsmunina sem felast í því að blaðamaðurinn geti verndað heimildarmann sinn. Niðurstaðan var að almannahagsmunir í þessu tilfalli væru meiri. Engu að síður ber ekki að vanmeta fordæmisgildi þessa dóms því hann hefur verið túlkaður þannig að í reynd geti blaðamenn verndað heimildarmenn sína.

## Aftarlega á merinni

Íslendingar virðaðst — eins og raunar annars staðar á Norðurlöndum — vera nokkuð aftarlega á merinni hvað flautun varðar, sérstaklega í samanburði við enskumælandi lönd.

Viðast hvar í kringum okkur, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu, eru nú

komnar reglur sem leiðbeina um meðferð mála þar sem einstaklingur finnur sig knúinn til að koma upp um misferli eða spillingu af einhverju tagi, hvort heldur er hjá því opinbera eða einkafyrirtækjum. Lagaákvæðin geta verið mismunandi eftir löndum og málaflokkum, en ganga yfirleitt út á það að bannað sé að refsa starfsmönnum sem koma upp um misferli. Skilyrðandi ákvæði ólíkra laga geta síðan fjallað um með hvaða hætti komið er upp um spillinguna. Svíar, einir Norðurlandþjóða, hafa raunar breytt lögum hjá sér þannig að óheimilt er að refsa þeim sem kemur upp um misferli hjá hinu opinbera og /eða fyrirtækjum í eigu opinberra aðila. Bretar hins vegar hafa reglur um þetta sem gilda almennt á vinnustöðum hvort heldur í einkageiranum eða hjá hinu opinbera. Þeirra löggjöf kallast: Upplýsingalög í almannapágu (UK Public Interest Disclosure Act) sem undirstrikar að menn sjá þetta ekki ósvipuðum augum og þau lög sem við þekkjum sem upplýsingalög.

## Paul van Buitenen

Eitt frægasta dæmið um það að einstaklingur uppljóstrar um spillingu eða misferli er greinargerð og upplýsingar hollenska endurskoðandans Paul van Buitenen. Upplýsingar frá honum um spillingu og misferli leiddu fyrir

nokkrum árum til þess að gerð var úttekt á starfsemi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, úttekt sem sýndi að upplýsingar van Buitenens voru réttar og meira en það. Í kjölfarið þurftu allir framkvæmdastjórnir 20 að segja af sér í einhverju umfangsmesta hneykslismáli sem upp hefur komið í ESB. Þetta mál átti jafnframt stóran þátt í því að veikja framkvæmdastjórnina gagnvart ráðherraráðinu og þinginu. Fróðlegt er að skoða örlög van Buitenens eftir uppljóstranir hans, því hann var leystur frá störfum til að byrja með, en fékk hins vegar fljótlega uppreisn æru. Samkvæmt upplýsingum frá Fasta nefnd ESB fyrir Ísland og Noreg hefur van Buitenen fengið eðlilegan framgang innan embættismannakerfis framkvæmdastjórnarinnar. Í kjölfar uppljóstrana hans hafa verið settar reglur um flautun og flautara hjá framkvæmdastjórninni. Í Evrópusambandinu er nú í gildi sérstök reglugerð um þessi mál, sem gengur undir heitinum „European Charter for Whistleblowers“. Eru starfsmenn nú hvattir til að gerast uppljóstrarar og mun sá ágæti endurskoðandi van Buitenen t.a.m. hafa verið öflugur liðsmaður í þessari hreyfingu.

Höfundur er blaðamaður og kennir við H.A.

## Góð ráð fyrir „flautara“

- Ekki gera neitt í ódagoti
- Ekki gerast einkaspæjari, allra síst þar sem tölur eru annars vegar
- Ekki gleyma að það gæti verið fyrir hendi saklaus og eðlileg skýring
- Ekki nota þennan farveg til að fá útrás fyrir persónuleg vonbrigði eða fjandskap
- Hugsaðu um það í upphafi hvert þetta ferli kann að leiða

(Af breskri vefsíðu um „whistleblowing“)



# Tilmæli Evrópuráðsins

## um rétt blaðamanna til að greina ekki frá heimildarmönnum

Ráðherraráðið vill, í samræmi við ákvæði greinar 15.b í stofnsamþykktum Evrópuráðsins,

- Og í ljósi þess tilgangs Evrópuráðsins að efla samstöðu með meðlimum þess til að unnt megi verða að varðveita og koma til framkvæmda sameiginlegum hugsjónum og arfleifð;
- Minnugt þeirrar grundvallarskuldbindingar aðildarríkja að tryggja tjáningarfrelsi eins og það er tjáð í grein 10. í Mannréttindasáttmála Evrópu;
- Og til að áréttu að rétturinn til frjálsrar tjáningar og upplýsingaöflunar er grundvallarhornsteinn lýðræðislegs samfélags og ein grunnforsendan fyrir framgangi þess og fyrir þroska sérhvers einstaklings, eins og kemur fram í Yfirlýsingu um tjáningarfrelsi og upplýsingar frá 1982;
- Og til að áréttu þörf lýðræðislegra samfélaga á að tryggja skynsamlegar leiðir til að fjölbreytt, sjálfstæð fjölmiðlun nái að þrífast;
- Samhliða því að viðurkenna að frjálst og óhindruð blaðamennska er órjúfanlegur hluti tjáningarfrelsisins og er grundvallarforsenda þess að réttur almennings til að fá upplýsingar um mál sem varða almannahag sé virkur;
- Sannfært um að verndun heimildarmanna blaðamanna er ein af frumstarfsskilyrðum blaðamennsku og frelsis, og fyrir frelsi fjölmiðla almennt;
- Minnugt þess að fjölmargir blaðamenn hafa tjáð þá faglegu grundvallarstefnu sína og skyldu að gefa ekki upp hverjir heimildarmenn þeirra eru hafi þeir fengið upplýsingar sínar í trúnaði;
- Minnugt þess að vernd heimildarmanna hefur verið tryggð með lögum í sumum aðildarríkjunum;

- Minnugt þess einnig að réttur blaðamanna til að greina ekki frá því hverjir heimildarmenn þeirra eru, felur jafnframt í sér skyldur og ábyrgð eins og fram kemur í grein 10 í Mannréttindasáttmálanum;
- Meðvitað um Samþykkt þings Evrópuráðsins frá 1994 um trúnaðarsamband við heimildarmenn blaðamanna og rétt opinberra starfsmanna til undanþágu frá þagnarskyldu,
- Meðvitað um Samþykkt nr. 2 um rétt blaðamanna og mannréttindi sem fram koma í niðurstöðu 4. Ráðherraráðstefnu Evrópu um fjölmiðlastefnu, sem haldin var í Prag í desember 1994, og sömuleiðis í Samþykkt nr. R(96)4 um vernd blaðamanna í kringumstæðum sem einkennast af átökum og spennu;

### senda frá sér þau tilmæli til ríkisstjórna einstakra aðildarríkja:

1. að taka upp í landsrétti sínum ákvæði, sem uppfylla efni þessara tilmæla,
2. að dreifa sem víðast þessum tilmælum og þeim grundvallarreglum sem þeim fylgja, og þar sem það á við í innlendri þýðingu,
3. að vekja sérstaklega athygli opinberra yfirvalda á þeim, lögregluþingum og dómvaldsins, jafnframt því að gera þær aðgengilegar blaðamönnum, fjölmiðlum og fagsamtökum þeim tengdum.

## Grundvallarreglur/skilgreiningar sem fylgja tilmælum Evrópuráðsins

### Skilgreiningar:

Í þessum tilmælum:

- a. Merkir orðið „blaðamaður“ líffræðilega eða lagalega persónu sem er á reglubundinn hátt eða í atvinnuskyni að vinna við að safna og dreifa upplýsingum til almennings í gegnum fjölmiðla.
- b. Merkir hugtakið „upplýsingar“ sérhverja staðhæfingu eða staðreynd, skoðun eða hugmynd sem er í formi texta, hljóðs eða myndar.
- c. Merkir hugtakið heimildamaður sérhvern þann mann sem gefur blaðamanni upplýsingar.

d. Merkir hugtakið „upplýsingar um heimildarmann“, að svo miklu leyti sem það er líklegt til að auðkenna heimildarmann.

- I. Nafn eða persónulegar upplýsingar sem og rödd eða einhvers konar mynd af heimildarmanni.
- II. Staðreyndir sem tengjast kringumstæðum sem voru einkennandi þegar heimildarmaður gaf blaðamanni upplýsingar.
- III. Óbirt efnisatriði sem tengjast upplýsingum sem heimildarmaður gaf blaðamanni;
- IV. Persónulegar minnisbækur og blöð blaðamanns eða útgefenda sem tengjast vinnu þeirra.

Sjá grundvallarreglur á næstu síðu....

## Um tilmæli Evrópuráðsins

Þau tilmæli sem hér eru birt á síðunni eru tilmæli frá Ráðherraráði Evrópuráðsins frá árinu 2000, en bæði Páll Þórhallsson og Bryndís Hlökkversdóttir vísa í sínum greinum til þessara tilmæla. Eins og fram kemur í tilmælunum er óskað eftir því við aðildarríki Evrópuráðsins, þar á meðal Ísland, að þau dreifi þessum grundvallarreglum og samþykktum meðal landsmanna og þá gjarnan í íslenskrri þýðingu. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hefur þessum tilmælum þó aldrei verið kerfisbundið dreift hér á landi,

né heldur hafa þær verið þýddar af opinberum aðilum.

Rétt er að benda á að síðan þessi tilmæli voru samþykkt af ráðherraráðinu árið 2000 hefur þing Evrópuráðsins tekið þessi mál upp og fyrir um ári síðan, eða í janúar 2003 samþykkti þingið „Tilmæli 1589 (2003)1“ sem í sumum atriðum koma inn á svipaða hluti og sú tillaga sem hér er til umræðu. Þessi nýju tilmæli þingsins eru þó almennari og fjalla um frelsi fjölmiðla í víðara samhengi.



### Grundvallarregla 1

(Um rétt blaðamanna)

Í landsrétti ættu að vera skýrar reglur þar sem réttur blaðamanns til að gefa ekki upplýsingar sem auðkennt geta heimildarmann hans, er ákveðinn og skulu þær reglur sem settar eru í 10. grein Mannréttindasáttmálans og þær reglur sem hér hafa verið tíundaðar vera álitnar lágmarksreglur í þessu samhengi.

### Grundvallarregla 2

(Um rétt annarra)

Aðrir einstaklingar, sem vegna starfslegra og faglegra tengsla við blaðamann komast yfir vitneskju um hver heimildarmaður er, í gegnum öflun, ritstjórnarlega vinnu eða dreifingu upplýsinganna, skulu vera að jöfnu varðir af þeim grundvallarreglum sem hér eru settar.

### Grundvallarregla 3

(Um takörkun á vernd heimildarmanna)

a. Réttur blaðamanna til að vernda heimildarmann sinn má ekki takmarkast af öðrum skilyrðum en þeim sem nefnd eru í grein 10 í Mannréttindasáttmálanum, 2. málsgrein. Þegar meta þarf hvort lögmætir hagsmunir sem falla undir þessi skilyrði 10. greinar 2. mgr. vegi þyngra en þeir almannahagsmunir sem fórnað væri með því upplýsa um hver heimildarmaðurinn sé, skulu viðeigandi yfirvöld taka sérstakt tillit til mikilvægis réttarins til að vernda heimildarmenn og þeirra fordæma sem gefin hafa verið í dómaframkvæmd hjá Mannréttindadómstóli Evrópu. Yfirvöld mega því aðeins gera blaðamanni skylt að upplýsa um heimildarmann, ef, í samræmi við málsgrein **b.**, það er fyrir hendi yfirgnæfandi þörf vegna almannahagsmuna og ef kringumstæður eru nægjanlega mikilvægar og alvarlegar í eðli sínu.

b. Það að krefjast upplýsinga sem auðkenna heimildarmann er ekki nauðsynlegt nema það takist með sannfærandi hætti að sýna fram á að:

l) Enginn annar raunhæfur valkostur sé fyrir hendi til að afla nauðsynlegra upplýsinga eða að þeir einstaklingar eða yfirvöld sem telja sig þurfa á upplýsingunum að halda hafi þegar reynt allar hugsanlegar leiðir aðrar.

ll) að hinir lögmætu hagsmunir sem af uppljóstrun eru, vegi greinilega þyngra en það að vernda heimildarmanninn, og þá beri að hafa í huga að

- sýnt hafi verið fram á mikla og knýjandi þörf á að upplýsa um hver heimildarmaðurinn sé;
- að kringumstæður séu nægjanlega mikilvægar og alvarlegar;
- að þörfin á uppljóstrun sé skilgreind sem viðbrögð við mikilvægri félagslegri þörf og;
- að þó einstök aðildarríki hafi ákveðið sjálfræði í því að meta þessa þörf á hverjum tíma, þá verði það mat í samræmi við þær leiðbeiningar sem Mannréttindadómstóllinn hefur gefið.

c. Ofangreind skilyrði ber að viðhafa á öllum stigum þar sem spurningin um rétt blaðamanna til að gefa ekki upp heimildarmenn sína kemur upp.

### Grundvallarregla 4

(Um aðrar leiðir til öflunar sönnunargagna)

Þegar um er að ræða lögsókn gegn blaðamanni á grundvelli meints miska gagnvart mannorði eða heiðarleika tiltekins manns, skulu yfirvöld athuga sérstaklega - til þess að ná fram sannleikanum eða tilganginum með ásökununum - öll þau gögn sem tiltæk eru samkvæmt upplýsingalögum, en mega ekki krefjast í þessum tilgangi að blaðamenn upplýsi um hver heimildarmaður þeirra er.

### Grundvallarregla 5

(Um skilyrði upplýsingagjafar)

a. Þá og því aðeins ætti ósk eða tillaga um að lögmæt yfirvöld setji fram kröfu sem miðar að því að blaðamaður upplýsi hver heimildarmaður hans sé að vera tekin til greina, að hún komi frá aðila sem hefur bein og raunveruleg tengsl við málið.

b. Blaðamenn ættu að vera upplýstir af þar til bærum yfirvöldum um þann rétt sinn að þeir þurfi ekki að gefa upp nafn heimildarmanns síns, sem og takmörk þess réttar.

c. Refsingar blaðamanna sem ekki upplýsa um hver heimildarmaður þeirra er, ættu einungis að vera ákveðnar af dómstólum í formlegum réttarhöldum þar



sem varnir blaðamannsins eru teknar til greina í samræmi við 6. grein Mannréttindasáttmálans.

- d. Blaðamaður á að hafa rétt til að áfrýja til annars dómstígs refsingu sem hann hlýtur fyrir að gefa ekki upp heimildarmann sinn.

Í þeim tilvikum sem blaðamaður verður við beiðni um að upplýsa um heimildarmann, skulu viðeigandi yfirvöld gera ráðstafanir sem takmarka umfang þeirrar upplýsingagjafar, t.d. með því að gera slíkar upplýsingar ekki opinberar almenningi, en þó þannig að ákvæði 6. greinar Mannréttindasáttmálans séu virtar þar sem það á við, og með því að yfirvöldin sjálf sýni trúnað gagnvart slíkum upplýsingum.

## Grundvallarregla 6 (Um inngríp í samskipti, leit og haldlagningu)

- a. Ekki skal gripið til neðangreindra ráðstafana ef tilgangurinn er að ná í nauðsynlegar upplýsingar án þess að krefja blaðamann um hver heimildarmaður hans sé:
- l) að grípa inn í samskipti eða starfsemi sem tengist samskiptum eða bréfaskiptum blaðamanns og vinnuveitanda hans samkvæmt sérstökum heimildum

II) heimilda til hlerunar- eða nýsnaaðgerða gagnvart blaðamönnum eða viðmælendum þeirra eða vinnuveitendum, eða

III) leitar- eða haldlagningarheimilda á einkaheimili eða vinnustað, eða í eigum eða skjalasafni blaðamanna eða vinnuveitenda þeirra eða í öðrum persónulegum gögnum sem tengjast þeirra fagi.

- b. Þar sem upplýsingar sem auðkenna heimildarmann hafa verið haldlagðar af lögreglu eða dómsmálayfirvöldum á grundvelli einhverra ofangreindra ráðstafana, jafnvel þó þetta hafi ekki verið tilgangurinn með viðkomandi ráðstöfun, þá skal gengið svo frá málum að þessar upplýsingar verði ekki notaðar fyrir dómi, nema þá að upplýsingarnar hefðu hvort sem er fallið undir ákvæði í grundvallarreglu 3.

## Grundvallarregla 7 (Vernd gegn sjálfssakbendingu)

Þær reglur sem hér hafa verið settar fram skulu ekki á neinn hátt takmarka landsrétt aðildarríkja varðandi vörn manna gegn sjálfssakbendingu í hegningarlagabrotum. Blaðamenn skulu, að svo miklu leyti sem lög leyfa, njóta slíkrar verndar með tilliti til þess að þurfa ekki að upplýsa um heimildarmenn sína.

*Evrópuhöllin í  
Strassburg, aðsetur  
Evrópuráðsins.*



# Árás á vernd heimildarmanna



Eftir  
Birgi Guðmundsson

Í tengslum við aðalfund Evrópusambands blaðamanna (EFJ) í Prag síðastliðið vor, var haldin áhugaverð ráðstefna sem bar yfirskriftina „Árás á verndun heimilda(manna)“ eða „Protection of Sources under Fire“. Sú staðreynd að Evrópusamband blaðamanna sá ástæðu til að boða til ráðstefnu um þetta mál er til marks um hversu mikilvægt það er að verða í alþjóðlegu samhengi, en vegna vaxandi þrýstings og siendurtekinna mála þar sem krafist er upplýsinga um heimildarmenn blaðamanna hefur Alþjóðasamband blaðamanna einmitt hrint af stað sérstöku átaki til að styrkja stöðu blaðamanna að þessu leyti.

Á ráðstefnunni, sem fulltrúi Blaðamannsins sótti, var fjallað vitt og breitt um vandamál sem blaðamenn sam tímans standa frammi fyrir við verndun heimildarmanna, en Írinn Ronan Brady hefði tekið að sér fyrir þessa ráðstefnu að gera könnun á því meðal aðildarfélaganna í Evrópu á hvaða sviðum það væri helst sem eldar brynnu á blaðamönnum og réttindum þeirra til að afla og gæta heimilda sinna.

Fram kom í máli Bradys að vandamálin eru mismunandi eftir löndum og staða blaðamanna og starfsaðstaða virðist mjög ólík. Hann benti hins vegar á að almennt séð virtust þrír megin straumar í gangi, straumar eða þemu sem e.t.v. tilheyrðu meira hinu almenna umhverfi en tilteknum vandamálum.

Í fyrsta lagi nefndi Brady það vaxandi svið vandamála og úrlausnarefna fyrir blaðamenn sem fælust í alþjóðlegum sáttmálum og glæpadómstólum. Þar væri vissulega um tvístefnu að ræða, því að sumu leyti gæfu alþjóðasáttmálarnir blaðamönnum aukna vernd eins og t.d. Mannréttindasáttmáli Evrópu, en um leið gæti alþjóðavæðingin framkallað ný vandamál. Eitt slíkt er t.d. spurningin hvort blaðamenn eigi að bera vitni fyrir alþjóðaglæpadómstólum um það sem þeir verða vitni að eða komast á snoðir um í starfi sínu og hver er þá hugsanleg staða þeirra heimildarmanna sem þeir hafa stuðst við til að afla sér þessara upplýsinga. Um þetta hafa risið talsverðar deilur. Á þessari ráðstefnu virtist það hins vegar vera niðurstaðan í umræðum að um þetta gætu ekki gilt almennar reglur aðrar en þær að þetta væri siðferðismat hvers og eins sem þarna yrði á endanum að ráða úrslitum. Tveir Serbar, Dejan Anastasijevic og Jovan Dulovic, voru á þessum fundi og lýstu reynslu sinni af því að bera vitni í Haag gegn Milosevic en þeir ákváðu sjálfviljugir að gera það.

Í öðru lagi sagði Brady að hin nýja upplýsingatækni væri að skapa ýmis vandamál varðandi heimildaöflun og heimildaryni. Í raun væri hér um nokkuð almennt vandamál að ræða því ýmiss konar slúður er sett á Internetið og það getur framkallað flóknar siðfæðilegar spurningar að skilgreina hvað er eðlilegt að setja í frétt og hvað ekki og hve langt eigi að ganga í heimildavernd ef upplýsingar eru jafnvel samhliða að birtast á netinu. Þetta sé í raun nýtt vandamál við að skilgreina hvaða afurð blaðamaðurinn vill framleiða.

Í þriðja lagi nefndi Brady vandann sem komið hefur upp annars vegar í

tengslum við stríðsfréttamennsku og hins vegar í tengslum við stríðið gegn hryðjuverkamönnum. Hér er spurningin í raun um hversu langt yfirvöld geta gengið í því að ritskoða og/eða hafa uppi á þeim heimildum og upplýsingum sem blaðamenn byggja á. Af þessu tvennu lagði Brady meiri áherslu á stríðið gegn hryðjuverkum, en svo virðist sem kollegar íslenskra blaðamanna í Evrópu hafi verulegar áhyggjur af öruggi sínu og heimildarmanna sinna vegna aukinna tæknilegra möguleika stjórnvalda til að rekja símtöl og hlera, eða skoða tölvupóst samfara viðtækari



Ronan Brady.

lagalegum heimildum þeirra til að beita þeim. Það er einmitt undir formerkjum stríðsins gegn hryðjuverkum sem þessar heimildir ríkisvaldsins hafa verið að aukast, t.d. varðandi heimildir til að skoða tölvupóst fólks og skyldur sem lagðar eru á netfyrirtæki að geyma gögn í langan tíma. Þannig getur sú staða komið upp - og raunar hefur hún komið upp t.d. í Belgíu og hugsanlega miklu víðar án þess að opinbert hafi orðið - að yfirvöld hafa nálgast heimildarmenn blaðamanna án þess nokkurn tíma að þurfa að krefja blaðamanninn sjálfan um hverjir þeir eru. Heimildarmennirnir eru einfaldlega fundnir með því að rekja tæknilega hverja blaðamenn hafa átt samskipti við. Til marks um að menn líta á þetta sem alvörumál og nýjan raunveruleika má benda á að á ráðstefnunni kom fram að í Belgíu nota menn gjarnan þá vinnureglu að ef um viðkvæm mál er að ræða notast menn við farsíma með frelsiskortum, þ.e. fyrirframgreiddum símakortum, en mun erfiðara er enn að rekja þau símtöl en hefðbundin farsímasímtöl.

Höfundur er blaðamaður og kennir við H.A

# Við erum ritstjórnin



Eftir  
Róbert Marshall

Blaðamenska hefur verið rædd í þaula síðustu misserin. Síðastliðið sumar komust í hárnæmi tilraunir eigenda Stöðvar 2 til að hafa áhrif á fréttaflokkning fréttastofu fyrirtækisins um laxveiði Geirs Haarde í boði Kaupþings. Útgáfufélag DV varð gjaldþrota í haust og nýir eigendur komu að rekstri blaðsins. Sömu kaupþingarmenn virðast nú munu eignast Norðurljós sem eiga og reka Frétt ehf. Þetta hefur svo leitt til umræðu um eignarhald á fjölmiðlum og sú spurning hefur vaknað hvort ástæða sé til að takmarka eignarhald eins og sama aðilans með lagasetningu.

Í þessari umræðu allri hefur almenn- ingur mátt hlýða á stjórnmálaforingja ræða fjölmiðla og fréttamennsku af svo mikilli vanþekkingu að mann setur hljóðan. Það er með ólíkindum að jafn þrautreyndir stjórnmálamenn og Hall- dór Ásgrímsson og Steingrímur J. Sig- fússon skuli í umræðum á gamlársdag ræða efnistöð DV og gera í ummælum sínum engan greinarmun á skoð- anapistlum og fréttaskrifum. Þá eru skrif Valgerðar Sverrisdóttur um fjöl- miðla á heimasíðu sinni upplýsandi og sorgleg. Verst hefur þó verið að hlýða á forsætisráðherra landsins sem segir alla blaðamenn sem vinna á miðlum í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar óheildarlega. Þeir horfi framhjá eigin grundvallarreglum; siðareglum Blaða-



Morgunblaðið

FRÉTTABLAÐIÐ

RÍV  
RÍKISÚTVARPIÐ



mannafélagsins, og brjóti þær á degi hverjum. Hvern einasta dag. Forsætis- ráðherra segist vita þetta vegna þess að hann var einu sinni fréttamaður sjálf- ur en hefur reyndar ekki getað sýnt fram á þetta þegar leitað hefur verið eftir því.

Ég er þeirrar skoðunar að reyna eigi með öllum ráðum að tryggja ákveðið fjölræði á íslenskum fjölmiðlamarkaði, jafnvel með lögum, en óar við því að pólitikusat sem ekki virðast hafa skiln- ing á hlutverki fjölmiðla í lýðræðisþjóð- félagi eigi að setja lög um það sem má og ekki má í íslenskum fjölmiðlum. Svára þarf spurningunni; hvenær á einn aðili of mikið? Ég er ekki viss um að við séum komin þangað en lengra verður varla gengið.

Lýkilatriðið er traust. Til þess að lýð- ræðið virki verður fólk að geta treyst því að upplýsingar sem fjölmiðlar færa séu sannar og réttar. Samþjappað eignar- hald dregur úr trúverðugleika fjórða valdsins. Með dreifðu eignarhaldi getur

almenn- ingur vitað að allar upplýsingar, sem erindi eiga við almenn- ing, komist á framfæri. Það sem einn fjölmiðill segi ekki frá, segi hinir frá. Þetta er tryggt eins og staðan er í dag.

Þessu virðast stjórnmálamenn ekki átta sig á. Þeir kvarta og kveina undan gróusögum og dylgjum í kosningum en beita svo fyrir sig þessum sömu meðul- um þegar þeim finnst fjölmiðlar ekki hliðhollir sér. Sjá ekki sem er, að fjöl- miðlar eru fyrir allnokkru hættir að vera hliðhollir stjórnmálaflokkum á Íslandi og áttu aldrei að vera það. Með örök- studdum árásum sínum á fjölmiðla og blaðamenn grafa þeir undan trausti al- mennings á fréttaflokkning og höggva á sama tíma að rötum lýðræðisins.

Grunnkjarni starfs okkar er umræða og skoðanaskipti. Þannig endurspegl- um við þjóðfélagið sem við lifum í og fjöllum um. Þannig tryggjum við að all- ar raddir heyrist. Þannig hefjum við hvern vinnudag með fréttafundi þar sem við ræðum hvað eigi að vera í næsta blaði, næsta fréttatíma. Blaða- mannafélag Íslands á að vera félag sem yfir undir slík skoðanaskipti á opin- berum vettvangi. Með því lærir almenn- ingur, og vonandi stjórnmálamenn líka, að þekkja þær meginreglur og þau sjónarmið sem starf okkar tekur mið af.

Fréttamenn á Stöð 2 sýndu í sumar að hin eiginlega ritstjórn er, þegar allt kemur til alls, í höndum blaða- og fréttamanna hvers fréttamiðils. Það liðu að visu fjórir dagar en út fór fréttin um laxveiðiþóð fjármálaráðherra, óbreytt og óritskoðuð. Þetta er það sem ís- lenskir blaðamenn geta gert til að halda tiltrú almennings. Staðið á sínu. Átt prinsipp, siðareglur og farið eftir þeim.

Höfundur er formaður  
Blaðamannafélags Íslands



*Við Bab al-Jaman, aðalhlíð inn í gamla borgarhlutann í Sana'a, er jafnan líf og fjör. Húsin í baksýn eru dæmigerð fyrir húsagerðarlist í jemensku höfuðborginni.*

# Á skólabekk í Sana'a



Eftir  
 Guðlaug  
 Bergmundsson

Þegar draumar um vist á framandi slóðum eru annars vegar er ekki amalegt að eiga hauk í horni þar sem Endurmenntunarsjóður Blaðamannafélagsins er. Undirritaður hafði um nokkurt skeið gælt við þá hugmynd að bregða sér til Mið-Aust-

urlanda að læra aðeins meira í arabísku en tókst að gera á tveimur stuttum námskeiðum í Endurmenntunarsstofnun HÍ og þegar ljóst var að styrkur til slíks fengist út dígrum sjóðum blaðamanna varð ekki aftur snúið.

Að morgni 1. janúar 2003 var lagt upp í langferð alla leið austur til Jemens, nánar tiltekið höfuðborgarinnar Sana'a þar sem kollegi okkar, Jóhanna Kristjónsdóttir, hafði hér um árið dvalið vetrarpart, að minnsta kosti, ef ekki lengur. Ég var búinn að skrá mig á námskeið sem átti að hefjast laugardaginn 4. janúar og því ekki um annan ferðadag að ræða þar sem aðeins er flogið til

Sana'a frá London tvisvar í viku með jemenska flugfélaginu Yemenia.

Til Jemens var komið eldsnemma morguns 2. janúars, eftir þægilegt næturflug í svo til tómri Airbus-breiðþotu. Bandarísk starfskona skólans míns, Yemen Language Center, tók á móti mér á flugvöllinum og ók mér á heimavistina í rúmlega tuttugu ára gömlum Toyota Landcruiser, bara vel útlitandi miðað við bílafloa landsmanna.

Á réttum sólarhring hafði ég ekki aðeins lagt að baki þúsundir kílómetra, heldur hafði ég einhvers staðar á leiðinni einnig farið yfir eins konar ósýnilega markalínu og inn í annan heim.

## Sextíu milljón frethólkar

Þótt Jemen sé vissulega nútímalegt land á margan hátt, með farsímum, netkaffihúsum, græjubúðum og öðru sem við litum á sem tákn nútímans, æpir fortíðin og hefðin á mann á hverju götuhorni og samspil þessa gerir það að verkum að Evrópumaðurinn, þótt allsigldur sé að eigin álit, fær algjört kúltsrjök. Undirritaður hafði að minnsta kosti ekki orðið fyrir slíkum áhrifum fyrr og var viku eða tvær að jafna sig. Þá hætti maður líka að kippa sér upp við alla þessa pilsklæddu karla með bjúglaga rýting í belti framan á maganum eða mennina með hriðskotarífillinn á öxlinni að spóka sig úti á götu (í Jemen er talið að þrjár byssur séu til á hvert einasta mannsbarn, eða hátt í sextíu milljón frethólkar af ýmsum gerðum), nánast allir með höfuðfat eins og Arafat. Og nánast allar konurnar í svörtum kuflum með blæju fyrir andlitinu svo ekki sést í neitt nema falleg brún augun. Allt þetta varð bara jafnhversdagsleg sjón og pítsa með pepperóni er uppi á Íslandi.

Fyrsti skóladagurinn rann upp bjartur og fagur, en kannski dálítið svalur svona í morgunsárið í janúarbyrjun. Þar sem nemendur voru fáir þessa önnina, kannski að einhverju leyti vegna yfirvofandi stríðs í Írak og almennt ótryggs ástands í þessum heimshluta, var ekki grundvöllur fyrir því að mynda bekk. Ég fékk því einkakennslu, tvo tíma á dag, fimm daga vikunnar, hjá frábærri kennslukonu, einni örfárra innfæddra kvenna sem neitar að vera með blæju fyrir andlitinu á almannafæri. Hún er frá borginni Ibb, sem er suður af höfuðborginni, þar sem konurnar kalla víst ekki allt ömmu sína. Rúkæja, en svo heitir kennslukonan, sagði mér nefnilega undir lok námskeiðsins að það orð færi af konunum á heimaslóðum hennar að hverjum karlmanni væri heilladrýgra að verða fyrir sjó meiriháttar áföllum á lífsleiðinni en að kvænast konu frá Ibb.

## Tekur því ekki að elda

Næstu fimm vikurnar voru hver annarri lík: Í skólann klukkan átta. Heim á herbergi að læra klukkan tíu,

*Greinarhöfundur og Rúkæja kennslukona í síðasta tímanum. Á skólatöflunni stendur meðal annars: Kennslukonan og nemandinn hennar. Og það var nemandinn sjálfur sem skrifaði það.*



með viðkomu í bakariinu. Síðan var setið yfir bókunum fram undir hádegis og reynt að leggja öll þessi undarlegu orð á minnið, með misgóðum árangri. Um hádegisbilið var maður orðinn banhungraður af áreynslunni og því nauðsynlegt að finna sér eitthvað að snæða. Venjulega fórum við félagarnir á veitingahús í nágrenninu til að sedja hungrið. Líka á kvöldin, þar sem það tekur því varla að elda sjálfur þegar maður getur fengið dýrindis veitingahúsamat fyrir 200 til 400 krónur.

Að hádegisverði loknum var gjarnan kíkt inn á netkaffi í nágrenninu til að kanna fréttir að heiman og síðan farið heim á herbergi að fá sér miðdegisblund. Síðla dags var lært aðeins meira eða þá bara farið í gönguferðir til að kanna borgina. Þar er líka ótalmargt að sjá.

## Piparkökuhúsin í Sana'a

Fyrir utan fólkið, sem er einstaklega elskulegt, er það einkum húsagerðarlistin sem vekur athygli aðkomumannsins, enda Sana'a á heimsminjaskrá UNESCO, menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Gamla borgin einkennist af svokölluðum turnhúsum, sex til átta hæða háum húsum, þar sem stór-

fjölskyldan bjó og minna einna helst á piparkökuhús, ljósbrún með hvítt glassúr í kringum gluggana, og víðar. Ekki má svo gleyma markaðinum, eða súkkinum, sem er eins og klipptur út úr Þúsund og einni nótt, og þar sem hægt er að kaupa hinn fjölbreytilegasta varning, svo sem handverk, skartgrip, vefnaðarvöru, alls kyns fatnað og krydd.

En allt tekur einhvern tíma enda og svo var einnig um ógleymanlega vistina í húsi Sabrís, eins og heimavistin er kölluð, í höfuðið á eiganda og skólastjóra Yemen Language Center. Ég dvaldi þar í góðu yfirlæti, með góðu fólki (frá Bandaríkjunum, Ítalíu, Þýskalandi og Sviss), og kom heim reynslunni ríkari. Og einhvers vísari um leyndardóma arabískunnar, en ekki nóg og því gott að vita af Endurmenntunarsjóði BÍ þegar hugað verður að frekari langferðum í framtíðinni.

Takk fyrir mig, eða sjúkran, eins og þeir segja þarna fyrir austan.

---

Höfundur er blaðamaður

# Fjölmiðlar og fjölmennning á Norðurlöndum



Eftir  
Önnu G. Ólafsdóttur

Samskipti milli fólks í ólíkum löndum verða sífellt nánari og algengara að fólk freisti gæfunnar á fjarlægari slóðum. Þróun í átt til fjölmenningslegs samfélags varð talsvert fyrir á hinum Norðurlöndunum en Íslandi. Varla er hægt að tala um að útlendingar hafi flust til Íslands að einhverju marki fyrir en undir lok tíunda áratugar 20. aldarinnar. Stór hópur útlendinga svaraði þörf íslensks atvinnulífs fyrir aukið vinnuafli og flutti til landsins á aðeins örfáum árum.

Fjölmiðlar og aðrar helstu stöðir samfélagsins hafa ekki haft ýkja langan tíma til að aðlaga sig breyttum aðstæðum í íslensku samfélagi. Við erum enn að fikra okkur áfram og erum svo ljónheppin að geta á mörgum sviðum leitað í reynslubrunna nágrannaþjóða eins og frændþjóðanna á hinum Norðurlöndunum. Ég hef verið svo lánsöm að eiga þess kost að fylgjast með umræðunni um fjölmiðla og fjölmenningu á hinum Norðurlöndunum og ætla hér á eftir að stikla á stóru í þeirri umræðu.

## Fjölmiðlar og fordómar

Ég hef haft svolítið gaman af því að rifja upp aðkomu mína að fyrstu ráðstefnunni minni um fjölmiðla og fjölmenningu á vegum Norðurlandaráðs í Helsinki í byrjun ársins 1996. Á vissan hátt má segja að ég hafi

verið algjörlega utanveltu því að jafnvel þó að ég hafi haft áhuga á efninu hafði ég litlar sem engar forsendur til að taka þátt í umræðum um fjölmiðla og fjölmenningslegu samfélag. Ástæðan var einföld: Íslenskt samfélag var einsleitt og ótrúlega fjarlæggt fjölmenningslegu samfélagi hinna Norðurlandþjóðanna.

Yfirskrift ráðstefnunnar var Fjölmiðlar og kynþáttafordómar og umræðurnar snerust aðallega um hlutverk og skyldur fjölmiðla í fjölmenningslegu samfélagi. Einn fyrirlesaranna minnti á að fjölmiðlum bæri að endurspeglar samfélagið og tryggja að innflytjendum og öðrum minnihlutahópum væri gert jafn hátt undir höfði og öðrum samfélagshópum. Annar minnti á að fjölmiðlar gegndu aðhaldshlutverki gagnvart stjórnvöldum fyrir hönd innflytjenda eins og annarra samfélagshópa þótt raddir þeirra væru ekki eins háværar og annarra úti í samfélaginu. Þriðji tók fram að forðast ætti að dreifa andfélagslegum áróðri kynþáttahatara út í samfélagið.

Að lokum fóru fram lífligar umræður um mikilvægi þess að geta ekki um uppruna meintra lögbrjóta af erlendum uppruna í afbrotafréttum án sýnilegrar ástæðu. Ef ekki væri farið eftir þeirri reglu brygðist ekki að útlendingar af sama uppruna yrðu fyrir barðinu á neikvæðum viðhorfum í kjölfarið.

## Vonbrigði og ákall eftir aðgerðum

Tvær næstu ráðstefnur einkenndust af vonbrigðum yfir því að fjölmiðlum hefði ekki tekist að sinna hlutverki sínu gagnvart innflytjendum og ákalli eftir raunhæfum aðgerðum til úrbóta. Fyrri ráðstefnan var haldin á

vegum Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar í Árósum í Gautaborg árið 1999. Erindi tveggja ungra blaðakvenna á Gautaborgarpóstinum um umfjöllun blaðsins um stórbruna á diskóteki í úthverfi borgarinnar afhjúpaði raunar vandann.

Skemmst er frá því að segja að blaðamenn Gautaborgarpóstsins vöknudu upp við vandan draum aðfaranótt 31. október árið 1998. Kveikt hafði verið í diskóteki í Hammerkullen-úthverfinu með þeim afleiðingum að 63 ungmenni af 19 þjóðernum höfðu látið lífið um nóttina. Blaðamennirnir stóðu frammi fyrir stóru verkefni þennan laugardagsmorgun. Fyrir utan að afla almennra upplýsinga af brunanum þurfti að leita inn í úthverfið eftir upplýsingum um fórnarlömbin, útfarsaði og aðra eftirfylgni.

Vandinn var bara sá að blaðamennirnir höfðu ekki nægilega góð sambönd inn í heim innflytjenda til að geta endurspeglad hlið aðstandenda. Þar að auki átti stór hluti ættingja fórnarlambanna 63 í erfiðleikum með að tjá sig á sænsku. Eins og gefur að skilja hamlaði ástandið verulega fréttaflutningi af atburðunum og seinkaði því að hægt væri að draga upp sannfærandi heildarmynd af atburðarásinni.

Þessi voveiflegi atburður varð því til þess að blaðamenn Gautaborgarpóstsins áttuðu sig á því að þeir hefðu sofnað illilega á verðinum hvað varðaði tengsl inn í hina ólíku hópa innflytjenda í borginni. Miðillinn þyrfti að gera átak til að ná til íbúa af erlendum uppruna og verður nánar vikið að því síðar.

Blaðamennirnir á ráðstefnunni voru sammála um að einna áhrifaríkasta leiðin til að tryggja að fjölmiðlar endurspegluðu fjölmenningslegu

Samfélag væri að ráða fleiri innflytjendur inn á ritstjórnirnar. Hins vegar voru deildar meiningar um til hvaða aðgerða væri eðlilegt að grípa til að ná settu marki. Einn blaðamannanna viðurkenndi að hann „sæi rautt“ þegar minnst væri á kvóta. Aðrir tóku ekki jafn djúpt í árinna og lýstu sig fylgjandi þeirri leið að efna til sérstakra starfskynninga fyrir ungt fólk af erlendum uppruna eins og gefið hefði góða raun hjá BBC. Enn aðrir gengu svo langt að hafna jákvæðri mismunun af öllu tagi og spá því að með vaxandi fjölda annarrar kynslóðar innflytjenda myndi skapast eðlilegt hlutfall starfsmanna með erlendan bakgrunn inni á fjölmiðlunum innan fárra ára.

## Fjölbjóðlegar ritstjórnir

Þessi umræða varð Norrænu blaðamannamiðstöðinni hvatning til að láta framkvæma rannsókn á því hversu hátt hlutfall fjölmiðlafólks á tilteknum fjölmiðlum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð væri af erlendum uppruna og hvernig væri hægt að fjölga fjölmiðlafólki í þessum hópi. Skýrslan var kynnt á stuttri ráðstefnu í Ósló haustið 2000. Skemmst er frá því að segja að flestar ritstjórnirnar höfðu á að skipa einhverju fjölmiðlafólki af erlendum uppruna. Hins vegar fór því víðsjarri að hlutfallið endurspegladi hlutfall innflytjenda úti í samfélaginu.

Ein af helstu ástæðunum var talin vera að unglingar af erlend-

um uppruna hefðu minni áhuga á því að starfa við fjölmiðla en aðrir unglingar. Fram kom að viðamikil könnun á því hvað norska unglinga dreymdi um að starfa við um fertugt hefði sýnt fram á að 3,7% vildu verða blaðamenn eða rithöfundar. Ef teknir voru sérstaklega út unglingar með norskan bakgrunn var hlutfallið 4,4%. Meðal unglinga með erlendan bakgrunn var hlutfallið aftur á móti aðeins 1,2%.

Foreldrar barna af erlendum uppruna virðast hafa afgerandi áhrif á hvers konar framhaldsnám börnin

þeirra sækja og beina þeim iðulega inn á viðurkenndar brautir í upprunalandinu, t.d. læknisfræði eða verkfræði. Ekki má heldur gleyma því að viðhorf til fjölmiðla fer töluvert eftir stjórnarfarinu í hverju landi. Víða eru fjölmiðlar aðeins nýttir til að halda niðri gagnrýni almennings á ríkjandi valdhafa. Almenningsur lítur því fjölmiðla ekki alltaf sömu augum og í lýðræðisríkjum.

Ekki verður heldur dregin fjöður yfir að fjölmiðlar hafa ekki sinnt skyldu sinni gagnvart innflytjendum nægilega vel. Skekkt mynd af samfélaginu hefur vafalaust neikvæð áhrif á áhuga ungmenna af erlendum uppruna á að starfa innan fjölmiðla. Eins og fram kom í kynningu á nýlegri danskri rannsókn á ráðstefnunni voru danskir innflytjendur t.a.m. að jafnaði óánægðir með þjónustu fjölmiðla og

**Blaðamennirnir á ráðstefnunni voru sammála um að einna áhrifaríkasta leiðin til að tryggja að fjölmiðlar endurspegluðu fjölmenningslegt samfélag væri að ráða fleiri innflytjendur inn á ritstjórnirnar.**



óskuðu eftir því að fá ítarlegri fréttir af innanlandsmálum í Danmörku á sínu eigin móðurmáli.

## Viðmiðunarreglur og hagræn sjónarmið

Nýjar áherslur komu enn í ljós á ráðstefnu undir yfirskriftinni „Journalistik I flere farver“ á vegum Blaðamannamiðstöðvarinnar í Árósum í Gautaborg 20. febrúar sl. Önnur meginbreytingin fólst í því að nokkrir af helstu norrænu fjölmiðlunum höfðu greinilega séð ástæðu til að móta sínar eigin viðmiðunarreglur í þeim tilgangi að endurspegla fjölmenningsleggt samfélag, t.d. greindi Gunilla Ivarsson, deildarstjóri hjá sænska ríkisútvarpinu, frá því að stuðlað væri að því að endurspegla fjölmenningsleggt samfélag með skýrum vinnureglum um hlutfall starfsmanna með erlendan bakgrunn, efni, efnistöð og tónlistarflutning í handbók stofnunarinnar. Aðrir fjölmiðlar hafa gripið til sérstakra aðgerða til að laða starfsmenn af erlendum uppruna inn á ritstjórnirnar, t.d. kynnti Jacob Svendsen frá danska dagblaðinu Politiken samstarfsverkefni dagblaðsins, nokkurra smærri danskra dagblaða og danska útvarpsins um starfsnám fyrir ungmenni af erlendum uppruna. Verkefnið er unnið með fjárstyrk frá Evrópusambandinu og gefur takmörkuðum fjölda ungmenna af erlendum uppruna tækifæri til að kynna af eigin raun starfsemi fjölmiðlanna.

Hin meginbreytingin fólst í því að sá veruleiki virðist vera að renna upp á hinum Norðurlöndunum að beinlínis er orðið lífsspursmál fyrir suma miðla að ná til fólks af erlendum uppruna. Per Andersson, þróunarstjóri Gautaborgarpóstsins, viðurkendi að Gautaborgarpósturinn væri einn þessara miðla og má í því sambandi nefna að hátt í 25% íbúa í Gautaborg og nágrenni eru innflytj-

endur af fyrstu og annarri kynslóð. Fram kom að stjórnendur blaðsins hefðu í framhald af brunanum á diskótekinu í Hammerkullen látið gera athugun á því hvers vegna sala á blaðinu hefði dottið niður í Gautaborg og úthverfum borgarinnar árin á undan. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að af sjö hverfum hafði salan dregist áberandi mest saman í tveimur hverfum og áttu þessi hverfi sameiginlegt að vera að meirihluta byggð innflytjendum.

Stjórnendur blaðsins sátu ekki við orðin tóm heldur gripu til aðgerða til að reyna að auka söluna í þessum hverfum, t.d. með því að koma á fót útibúi frá ritstjórnarskrifstofunni í öðru hverfinu, setja á stofn les hópa með þátttöku innflytjenda, leggja áherslu á öflug tengsl inn í samfélög innflytjenda og koma á fót sérstakri síðu fyrir yngri lesendur með áherslu á börn innflytjenda. Viðbrögðin létu heldur ekki standa á sér því að strax varð vart við söluaukningu á blaðinu meðal innflytjenda á svæðinu um áramótin 2000 til 2001.

Svipað viðhorf kom fram í máli Anders Jerichow, blaðamanns á Politiken, þegar hann sagði frá tilraun dagblaðsins til að gefa út dansk-tyrneska vikublaðið Haber. Blaðið er unnið af tvítýngdum dansk/tyrneskum blaðamönnum og skrifað á dönsku og tyrnesku. Fréttir eru þó ekki birtar á báðum tungumálunum heldur aðeins öðru. Anders sagði að markmiðið með því væri m.a. að brúa kynslóðabilið innan innflytjendafjölskyldna frá Tyrklandi þannig að yngri fjölskyldumeðlimirnir þýddu dönsku greinarnar fyrir þá eldri og öfugt. Um tilvist blaðsins sagði Anders einfaldlega. „Ég trúí því að ef markaður er fyrir

dansk/tyrneskt dagblað í Danmörku á að gefa út dansk/tyrneskt dagblað í Danmörku.“

Anders lét heldur ekki þar við sitja heldur tók fram að hann teldi að fjölmiðlafólk væri að varpa frá sér ábyrgð sinni með því að halda því fram að mikilvægasti liðurinn í því að skapa fjölmenningslega fjölmiðla væri að fá fólk af erlendum uppruna til starfa inn á fjölmiðlana. „Ekki alls fyrir löngu var ég á ferð í Afganistan undir því yfirskeyni að fjalla um daglegt líf Afgana. Ég ákvað að taka stutt spjall við sex ára gamla stúlku. Hún stillti sér upp fyrir framan mig í nístingskulda í sandölum og skjóllitlum lörfum og ég varpaði til hennar fyrstu spurningunni. Hvað fékkstu í morgunmat? Spurði ég eins og kjáni og barnið starði á mig orðlaust af undrun. Morgunmat var ekki til í hennar hugarheimi. Hún fékk te þegar te var til - brauð þá sjaldan brauð var til,“ sagði Anders og dró lærdóm af lífsreynslu sinni í Afganistan. „Lykillinn að góðri blaðamennsku er ekki að fá einhverja aðra til að taka af sér ábyrgðina á því að túlka samfélagið heldur gera sér ætíð far um að kynna samfélaginu sem maður vinnur í - heima eða að heiman.“



Heilagir miðlar og aðrir miðlar:

# Trúin á fjölmiðlaöld



Eftir  
Öddu Steinu  
Björnsdóttur

*Hefur hlutverk trúar breyst á fjölmiðlaöld? Eða hefur átrúnaðurinn breyst? Ef svo er, hverjir taka þá að sér hlutverk prestanna? Í fornöld var það hlutverk presta í musterum að miðla boðskap guðanna til alþýðunnar og þannig setja heiminn í samhengi fyrir fólk. Þetta hlutverk, að útskýra undur heimsins og setja veröldina í samhengi, hefur fallið fjölmiðlum í skaut. Og þetta samspil fjölmiðla og trúarbragða er fræðimönnum sistætt viðfangsefni.*

Trú, menning og fjölmiðlar voru til umræðu á ráðstefnu í Jvaskyla, Finnlandi í sumar. Ráðstefnan var liður í samræðu fræðasviða háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum um fjölmiðlun, trú og menningu. Hún var skipulögð af trúarbragðadeild Helsinki-háskóla og fjölmiðladeild Jvaskyla-háskóla. Undirrituð sótti þá ráðstefnu með styrk frá Bláðamannafélagi Íslands.

Fræðasviðið er vítt og báru fyrirlestrar þess merki því þeir voru af ýmsu tagi. Nokkrir snertu nýbreytni í trúarlegri boðun, samskiptum eða samfélagi, svo sem tæknikirkjur og trúarbrögð á netinu. Aðrir sneru að birtingarmyndum hins heilaga í ver-

aldlegum aðgerðum og samspili trúar og fjölmiðla. Það kom ekki á óvart að allmargir fjölluðu á einn eða annan hátt á atburði sem tengdust árásinni um tvíburaturnana 11. september 2001 og eftirmála hennar.

Meðal aðalræðumanna var Stewart Hoover, prófessor í fjölmiðlafræði og aðjúntk í trúarbragðafræðum við Colorado-háskóla í Boulder. Hann telur að þróun á sviði heimsmála endurspeglar samþættingu svæða sem áður voru meira aðskilin, landsmál og alþjóðamál, trúarlegt, veraldlegt og stjórnmálalegt svið. Þetta sést glögg á þeirri skörun sem verður á sviði trúarbragða og fjölmiðla. Hann tók atburðina 11. september 2001 og umfjöllun um þá sem dæmi um þetta. Þar mátti sjá samspil trúarbragða og fjölmiðla á ýmsa vegu:

Bandarísk þjóð og með henni heimurinn upplifði atburðina 11. september 2001 í gegnum fjölmiðla. Þeir gerðust í landi þar sem fjölmiðlar skipa háan sess og þeir voru tímasettir þannig að hægt var að sýna þá í beinni útsendingu. Öll umfjöllun um þessa at-

burði í kjölfarið var grípanði og persónuleg.

Fjölmiðlarnir settu atburðina í samhengi. Þeir voru uppspretta þekkingar „okkar“ um „þá“ og „þeirra“ þekkingar á „okkur,“ segir Howard. „Myndir af „hinum“ í fjölmiðlum voru ævinlega með trúarlegu yfirbragði. Og myndir af sumum „hinna“ opinberuðu augljóslega vanþekkingu okkar á umheiminum. Þetta voru myndir af Palestínumönnum sem fögnuðu þegar turnarnir hrundu.“

Eftir á spurðu Bandaríkjamenn sig: „Af hverju vissum við ekki að einhver hataði okkur svona mikið?“ Fjölmiðlar höfðu svikist um að segja frá því. Og þeir gátu heldur ekki útskýrt það í kjölfar atburðanna.

Vestrænt fjölmiðlaefni - og þá einkum bandarískt, svo sem bíomyndir og sjónvarpsþættir, eru einn helsti ásteitingarsteinn íslamskra öfgamanna þegar þeir gagnrýna siðspillta vestræna menningu, sem þeir óttast að yfirtaki íslömsk menningarsvæði.

Eftir atburðina tóku bandarískir fjölmiðlar að sér hlutverk sem hægt er að kalla trúarlegt þegar þeir leiddu þjóðina gegnum sorgina næstu daga. Helgisíðirnir voru veraldlegir en þar voru ýmis trúarleg tákni eða tákni sem við tengjum við trúarathafnir, svo sem kerti, blóm og myndir. Presthlutverkinu var sinnt af fréttamönnum og fréttaskýrendum sem útskýrðu þennan atburð, settu hann í samhengi og sýndu samúð. „Sorgarúrvinnslan“ fór stundum fram í sjónvarpi þar sem fréttafólk ræddi við syrgjendur eða benti áhorfendum á leiðir til að vinna úr sorginni, meðal annars með því að sýna myndir af „helgistöðum“ þar sem fólk hefur komið upp myndum, kertum



og blómum. Þjóðarsorgin og úrvinnsla hennar í fjölmiðlum er þarna dæmi um það sem kallað er civil religion, trú án ákveðins átrúnaðar, sem sameinar fólk-ið og hvetur það til ákveðinna aðgerða til að tjá þessa trú.

Þessi áhersla Hoovers skarast við fyrirlestur Roberts Dannins, sem er mannfræðingur og þjóðfræðingur og aðjúnkt við New York háskóla. Hann líkti hlutverki fjölmiðla við hlutverk mustera og klerka áður fyrr — hinna helgu miðla. Hlutverk hinna helgu miðla var að setja heiminn í samhengi, skapa ramma um samfélagið og fá fólk nokkurs konar tækjabox til að byggja sér samfélag.

Fyrstu fjölmiðlamennirnir voru prestar sem miðluðu heilögum skilaboðum frá guðum sínum. Vald þeirra var meðal annars fólgið í valdinu yfir sambandinu, yfir túlkun skilaboða og framkvæmd fórna. Fórnin var forsenda nægta í fornum samfélögum. Blóð altarisins var tákn dauðans sem gaf líf með blessun og frjósemi.

Breytingar á fjölmiðlum í vestrænum heimi voru oft samfara breytingum á trúarlegu landslagi. Ritun hafði mikið að segja fyrir útbreiðslu eingyðistrúarbragða. Stóru eingyðistrúarbrögðin miðluðu helgum boðskap áfram með ritningunum - miðlum orðsins. Þar fékk orðið og þeir sem gátu túlkað það í upphafi sess sem helgir miðlar.

Bylting á sviði prentunar var samfara siðbreytingu í kristninni. Hægt var að prenta dreifrit og ræður í miklu magni og Biblíur voru þýddar og prentaðar á tungumáli alþýðunnar. Þetta var byltingarkennt því að nú hafði losnað um lykjavöldin á himnum, fleiri gátu túlkað skilaboðin frá guði. Þetta var eins og ókeypis hugbúnaður fyrir andann því að það frelsaði fólk undan beinni stjórnun frá trúarlegu miðstöðinni.

Trúarlegar stofnanir sinna ennþá því hlutverki að ræða og skýra hinstu rök tilverunnar. En fjölmiðlar hafa tekið yfir það hlutverk að útleggja hið óskiljanlega — fréttir dagsins og setja veröldina í samhengi. Fjölmiðlabyltingin sem



*Umræðan um trú og fjölmiðla hefur markast af árásinni á tvíburaturnana 11. september 2001.*

varð með tilkomu útvarps, sjónvarps og ekki síst internetsins færir fjölmiðla nær fólk og verður sífellt stærri þáttur í lífi þeirra. Vald fjölmiðla í lífi fólks og áhrif þeirra á skoðanir fólks er nú meira en vald kaþólsku kirkjunnar í Evrópu miðalda. Og þessi samlíking á líka við um fjármagnið. Stærstu fjölmiðlarnir eru risavaxnar stofnanir með fjármálaumsvif á við ríkisstjórn Íslands. Líkt og í fornöld berum við fórnir fram fyrir fjölmiðla í formi tíma og peninga og yfir athöfninni drottna fréttamenn og þáttagerðarmenn.

Styrkur fjölmiðla felst líka í því að þeir verða nauðsynlegir fólk. Þeir bregðast við löngunum og væntingum fólks líkt og trúin hefur ætíð gert. Tæknigúrúar geta selt þjónustu sína dýrt öðrum dauðlegum sem eiga ekki annarra kosta vól en nota þjónustu þeirra svo að veröldin hrynj ekki. Þetta getur gefið okkur forsmekk að því hvernig vald prestar gátu haft yfir ólæsum bændum fyrr á öldum.

Önnur samlíking sem við getum sett milli fjölmiðla og hins guðlega er að fjölmiðlarnir eru alls staðar en þó

ósýnilegir. Boðleiðin er hulin, kaplarnir eru djúpt í jörðu, gervihnettirnir eru úti í geimnum.

Innan fjölmiðla er sífellt aukið framboð á boðleiðum, en á sama tíma samþjöppun miðla sem gefa einstaklingnum færi á að sniða upplýsingamiðlunina að eigin smekk og hafa meira um það að segja hvar og hvernig hann nær sér í upplýsingar.

Pá er bilið milli þess eða vera óvirkur neytandi og virkur þátttakandi að minnka. Dæmi um það er sú trúarlega hegðun eftir harmleikinn 11. september 2001 sem Stewart Hoover vitnaði til. Þar var fólk hvatt til að taka þátt í viðburðum þar sem fjölmiðlar voru, svo sem minningarathöfnunum, og búa til helgistaði til minningar um fórnarlömbin. Útfærsla þessarar veraldlegu trúar höfðaði til fjöldans en miðaðist við einstaklinginn — trúarleg hegðun var ekki forskrifuð, fólk gat framkvæmt athafnir svo að því liði betur og það tjáði sig á trúarlegan máta þó að ekki væri um eiginleg trúarbrögð að ræða.



*Íslamskir menn í Bandaríkjunum minntust iðulega fórnarlamba árasanna á tvíburaturnana. Ekki voru þó allir sem í slíkum samkomum tóku þátt allveg með á nótunum.*

Þessi veraldlega útfærsla helgihaldsins er liður í þróun á sviði trúmála: Vaxandi einkatrú og í framhaldi af því þörf fyrir að túlka trúna á eigin forsendum og hnignun kenningarvalds trúarlegra stofnana. Í samspili fjölmiðla og trúarbragða er þróunin frá stofnunum og kenningum til einstaklinga og einstaklingslausna.

Robert Dannin varð tíðrætt um hugtakið Sacred Media - Helgur miðill. Þetta er fjölþætt hugtak, sagði Dannin, og nefndi sem dæmi fjöl-

miðlaumfjöllunina vegna innrásar Bandaríkja og Breta í Írak. Þarna var, sagði Dannin, fjölþjóðaher blaðamanna sem var verndaður af Pentagon, sem setti atburðina í samhengi og flutti öllum lýðum boðskapinn um sigur hins góða, Bandaríkjamanna, yfir hinu illa, Saddam. Slíkur er mættur hins helga miðils.

Höfundur er guðfræðingur og blaðamaður

# Sýning í Gerðarsafni 6. mars 2004



Kæru félagar í BLÍ, skila þarf inn myndum fyrir forval á sýninguna og keppnina næstkomandi. Skilafrestur á myndum er 14. janúar 2004 til sýningarstjórnar eða á skrifstofu Blaðamannafélagsins að Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Dórnafnd mun væntanlega koma saman 17. janúar og verður þá valið inn í keppnina.

Þátttakendur eru beðnir að skila myndum í rafrænu formi á CD-geisladisk, raða þarf myndunum í neðangreinda flokka í möppur á disknum, allar myndir þurfa að hafa endanlegan texta sem vistaður er í „Caption“ í „file info“. Diskinn skal merkja með dulnefni höfundar. Fari svo að dórnafnd velji enga af myndum einhvers af þátttakendum, þá á sá hinn sami rétt á að senda inn eina mynd að eigin vali.

Sendu skal myndir inn í eftirfarandi flokka 14. janúar 2004:

1. Fréttamyndir. - Tiska.
2. „Portrett“. - Skop.
3. Íþróttir. - Daglegt líf, matur, kyrralíf, glamúr
4. Opinn flokkur - Tímarit. - Landslag. og þess háttar.

Valdar verða bestu myndir í hverjum flokkanna fjögurra, auk þess að valið verður í nokkra undirflokkanna Opins flokks svo sem; skoplegasta myndin, þjóðlegasta myndin, myndröð ársins auk sérstakrar viðurkenningar dórnafndar sem gæti jafnvel verið frumlegasta myndin.

Í ár verða öllum myndum í forvali skilað inn á rafrænu formi, á geisladisk. Áriðandi er að allar myndir séu „Caption“-merktar. Eins og áður þarf að vera dulnefni á hverri mynd ásamt heiti myndar og hvaða flokki hún á að tilheyra. Dórnafnd velur myndirnar á sýninguna í Fototstation. Þetta er meðal annars gert til að mæta þeim kostnaði sem útgefendur og einstaklingar þurfa að taka á sig vegna prentunar mynda í forval. Einnig auðveldar þetta úrvinnslu myndanna í sýningarskrá, á vefsíðu BLÍ og að lokum í sameiginlega útgáfu norrænu blaðaljósmýndarasamtakanna á verðlaunamyndum af öllum sýningum Norður-

landa. Ef misbrestur verður á merkingu og frágangi mynda áskilur sýningarnefnd ásamt dórnafnd sér rétt til að annaðhvort að ákveða í hvaða flokk hún skuli valin eða draga hana út úr þátttöku.

Hver þátttakandi má senda inn tvær myndraðir, allt að sex myndir í hvorri röð. Og mega þær vera undir hvaða flokki sem er. Endanlegar stærðir mynda inn á sýninguna eiga að vera eftirtaldir: 50 x 75 cm, stakar og myndraðir, myndir sem eru jafnar á hverja hlið skulu vera allt að 75 x 75 cm og Panorama allt að 50 x 120 cm. Frávik frá þessu þarf að bera undir sýningarnefnd, myndirnar verða límdar upp á frauðplast. Allar myndir verða að vera komnar í Gerðarsafni í síðasta lagi 24. febrúar 2004 fyrir hádegi.

Reglur sýningar má finna hér á heimasíðu BLÍ.

*Stjórn BLÍ og sýningarnefnd.*

# Gjaldprot DV



Forusta Blaðamannafélagsins ræðir við félagsmenn BÍ á DV skömmu eftir að gjaldprotið var tilkynnt.

Ljósmynd: Árni Sæberg

Útgáfufélag DV var lýst gjaldproti í nóvember sl. og við það misstu fjömgir félagar í Blaðamannafélaginu vinnuna. Um 40 félagar í BÍ. störfuðu á blaðinu fyrir gjaldprot en einungis hluti þeirra fékk áframhaldandi ráðningu við endurreisn blaðsins á vegum Fréttar ehf. Þessi þróun bætti ekki atvinnuástandið hjá blaðamönnum almennt, en óvenju þungt er um vinnu um þessar mundir og nokkuð fleiri blaðamenn hafa verið á atvinnuleysisráð upp á síðkastið en undanfarin ár.

Nú er verið að vinna úr málum blaðamanna vegna gjaldprotis DV en kröfuleysingarfrestur er til 19. janúar og hefur skiptafundur verið boðaður þann 5. febrúar.

# Fjölmíðlamót í knattspyrnu

Hið árlega fjölmíðlamót í knattspyrnu fór fram í Fífunni í Kópavogi um mánaðamótin nóvember desember sl. Þátttaka í mótinu var að venju góð og mikil spenna ríkti um niðurstöður. Niðurstaðan varð sú að Morgunblaðið sigraði eftir úrslitaleik við Stöð 2. Jafnt var 1-1 eftir venjulegan leiktíma. Stöð 2 komst yfir seint í leiknum en Morgunblaðið jafnaði að bragði. Í framlengingu tókst hvorugu liðinu að skora og í vítaspyrnukeppni skoraði Morgunblaðið úr þremur spyrnum og Stöð 2 úr tveimur.



Róbert Marshall formaður BÍ og Hjálmar Jónsson framkvæmdastjóri BÍ afhenda sigurvegurinum verðlaunin.

Ljósmyndir: ÞÓK



Sigurlið Morgunblaðsins hefur hér stillt sér upp til myndatöku.

Í úrslitaleiknum um 3.-4. sæti áttust við Fróði og RÚV og bar Fróði sigur úr bytum með einu marki gegn engu og fékk því bronsið.

Alls mættu sjö lið til leiks og var leikið í tveimur riðlum. Morgunblaðið og Stöð 2 unnu annan riðilinn og Fróði og RÚV hinn. Í undanúrslitum vann Morgunblaðið RÚV og Stöð 2 vann Fróða.



Frá aðalfundi B.I. Eins og sjá má var fjölmenni á fundinum

# Breytingar á aðalfundi



Trúnaðarmenn félagsins fara yfir kjörgögnin. F.v. Guðmundur Sv. Hermannsson, Lúðvík Geirsson og Sigurður Már Jónsson.

Ljósmyndir: Arni Torfason

Á aðalfundi BÍ urðu þær breytingar á stjórn félagsins að Róbert Marshall var kjörinn formaður þess í stað Hjálmars Jónssonar, sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs. Róbert kemur þar með inn í stjórnina. Þá var tími Guðrúnar Helgu Sigurðardóttur sem stjórnarmanns runninn út, en Guðrún gaf einmitt kost á sér til formennsku í félaginu en beið lægri hlut fyrir Róberti. Guðrún var hins vegar ekki í kjöri til stjórnar, en í hennar stað í stjórninni kemur Björgvin Guðmundsson blaðamaður á Morgunblaðinu.

Á fyrsta stjórnarfundinum nýrrar stjórnar Blaðamannafélagsins skipti hún með sér verkum. Arna Schram af Morgunblaðinu er varaformaður. Jóhann Hlíðar Harðarson af Stöð 2 er ritari og Geir Guðsteinsson af DV er gjaldkeri.



Ábúðarfullir félagsmenn kynna sér fundargögn. Fremst má sjá Hafliða Helgason á Fréttablaðinu og Ingu Lind Karlsdóttur á Stöð 2

# Launataxtar BÍ 1. janúar 2004

2,5% hækkun

## Almenn grunnlaun fyrir dagvinnu

	Byrjun	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. FI.	132.635	144.098	152.831	158.291	169.205	180.121			
2. FI.	165.930	174.663	180.121	185.579	191.037	196.497	201.955	207.413	212.871

## Yfirvinna

1. FI.	1.377	1.496	1.587	1.644	1.757	1.871			
2. FI.	1.723	1.814	1.871	1.927	1.984	2.041	2.097	2.154	2.211

## Almenn grunnlaun fyrir dagvinnu með 18% vaktaálagi

	Byrjun	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. FI.	156.509	170.035	180.340	186.783	199.662	212.543			
2. FI.	195.797	206.102	212.543	218.984	225.424	231.866	238.307	244.747	251.188

## Yfirvinna af grunnlaunum með 18% vaktaálagi

1. FI.	1.625	1.766	1.873	1.940	2.073	2.207			
2. FI.	2.033	2.140	2.207	2.274	2.341	2.408	2.475	2.542	2.609

## Almenn grunnlaun fyrir dagvinnu með 24% vaktaálagi

	Byrjun	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. FI.	164.467	178.681	189.510	196.281	209.814	223.350			
2. FI.	205.753	216.582	223.350	230.118	236.886	243.656	250.424	257.192	263.960

## Yfirvinna af grunnlaunum með 24% vaktaálagi

1. FI.	1.708	1.856	1.968	2.038	2.179	2.319			
2. FI.	2.137	2.249	2.319	2.390	2.460	2.530	2.601	2.671	2.741

# Trúnaðarmönnum BÍ þakkað



Á síðasta aðalfundi BÍ færði Hjálmar Jónsson fráfarandi formaður Lúðvíki Geirssyni, fyrrum formanni og framkvæmdastjóra BÍ sérstaka viðurkenningu í þakklætisskyni fyrir umfangsmikið framlag hans til félagsins og málefna blaðamanna. Lúðvik hefur verið í forustu Blaðamannafélagsins í áratugi og var formaður félagsins frá 1987-1998 og framkvæmdastjóri til ársins 2002. Hann er nú bæjarstjóri í Hafnarfirði.

## Þorsteinn hættir

Á aðalfundinum urðu einnig formannskipti í Siðanefnd BÍ. Nýr formaður er Kristinn Hallgrímsson lögmaður. Kristinn hefur víðtæka reynslu sem lögmaður og var hér á árum áður fréttastjóri á Tímanum.



*Hjálmar færir Lúvíki þakklætisvott frá BÍ.*



Hann tekur við starfinu af Þorsteini Gylfasyni prófessor, sem verið hefur í siðanefnd Blaðamannafélagsins í áratugi og formaður hennar síðastliðin 10 ár. Þorsteinn hefur verið afskaplega farsæll í störfum sínum fyrir Siðanefndina og færði Hjálmar Jónsson fráfarandi formaður BÍ honum viðurkenningu í þakklætisskyni fyrir vel unnin störf á fundinum.

*Hjálmar fráfarandi formaður BÍ færir Þorsteini Gylfasyni þakkir frá Blaðamannafélaginu.*

FRÉTTABLAÐIÐ

# Ekki brot á siðareglum

Mál 7/2002-2003

*Kærandi  
Alþjóðahús.*

*Kærði  
Fréttablaðið.*

*Kæruefni  
Fréttáflutningur Fréttablaðs-  
ins um fólk af erlendum upp-  
runa á Íslandi. Sérstaklega er  
kært vegna fréttar er birtist á  
forsíðu Fréttablaðsins 2. janú-  
ar 2003 undir fyrirsögninni  
„Lögregla rannsakar meint  
gervihjónabönd“.*

Kæra barst siðanefnd með bréfi Kötlu Þorsteinsdóttur, lögfræðings Alþjóða-  
húss, dags. 13. janúar 2003. Félag Ví-  
etnama á Íslandi hefur látið málið til  
sin taka með bréfi Thuy Ngo, varafor-  
manns félagsins, til siðanefndar,  
dags. 15. febrúar 2003. Gunnar  
Smári Egilsson, ritstjóri Fréttablaðs-  
ins, sendi siðanefnd athugasemdir  
með bréfi, dags. 12. febrúar 2003 og  
kom á fund nefndarinnar. Þá komu  
fulltrúar kæranda, þær Guðrún Pét-  
ursdóttir, verkefnisstjóri, og Katla Þor-  
steinsdóttir, lögfræðingur, á fund  
nefndarinnar. Siðanefnd fjallaði um  
mál þetta á fundum sínum 17. og 24.  
febrúar, 3. og 10. mars.

## Málavextir

Kærandi kveður ástæðu kærunnar  
vera fréttir sem birst hafa í Fréttablað-  
inu og varða fólk af erlendum upp-  
runa. Telur kærandi að fréttir þessar  
hafi verið til þess fallnar að vekja  
ranghugmyndir, hafi skapað nei-  
kvæðar staðalmyndir af innflytjendum  
og að þær séu fordómahvetjandi.  
Sérstaklega er kærð frétt sem birtist í  
Fréttablaðinu 2. janúar 2003 undir fyr-  
irsögninni: „Lögregla rannsakar meint  
gervihjónabönd“.

Í undirfyrirsögn segir: „Af 18 hjón-  
um sem komið hafa frá Vietnam eftir  
1990 hafa 17 skilið. Sumt fólkið hefur

siðan gengið nokkrum sinnum í  
hjónaband, að því er talið er til að  
koma fólki inn í landið. Málinu líkt við  
sparimerkjahjónaböndin á árum  
áður“. Þá er í fréttinni greint frá því að  
lögreglan hafi til rannsóknar hvort  
hópur fólks af víetnömsku bergi brot-  
ið hafi með skipulögðum hætti efnt til  
hjúskapar í því skyni að útvega lönd-  
um sínum ótímabundið atvinnu- og  
dvalarleyfi á Íslandi.

Í niðurlagi fréttarinnar er frá því  
greint að Hörður Jóhannesson yfirlög-  
regluþjónn hjá Lögreglunni í Reykja-  
vík hafi staðfest að slíkt mál sé til  
rannsóknar.

Kærandi telur fréttina byggjast  
augljóslega á óstaðfestum upplýsing-  
um, að umfjöllun í fréttinni um réttindi  
þeirra sem gifst hafi íslenskum ríkis-  
borgurum sé byggð á ranghugmynd-  
um um efni lagaákvæða, að fréttin yti  
undir fordóma og mismunun gagnvart  
sérhverjum einstaklingi, sem hægt sé  
að flokka í þennan hóp og ennfremur  
er fundið að því að notast sé við orð-  
in „grunur leikur á“, „grunsemdir um“  
eða „talið er“ án frekari rökstuðnings.

## Umfjöllun

Kærði bendir á í athugasemdum sín-  
um að kærandi sé ekki aðili að þeim  
málum sem kærán fjallar um og því  
skorti skilyrði fyrir því að siðanefnd  
taki málið til meðferðar. Siðanefnd  
hefur áður tekið mál til meðferðar,  
sem kærð hafa verið til hennar af að-  
ilum sem ekki eru beinlínis aðilar  
máls. Í máli siðanefndar nr. 3/2002-  
2003 var talið að í hlut ætti ákveðinn  
þjóðfélagshópur, sem ætti erfitt með  
að bera hönd fyrir höfuð sér, auk þess  
sem umræða um hugsanlega kyn-  
þáttafordóma snerti almenna hags-  
muni. Siðanefnd telur því mál þetta  
tækt til umfjöllunar. Hins vegar ein-  
skorðar siðanefnd umfjöllun sína við  
frétt þá sem birtist í Fréttablaðinu  
fimmtudaginn 2. janúar 2003 undir  
fyrirsögninni: „Lögregla rannsakar  
meint gervihjónabönd“ enda er frá því

greint í málalíbúnaði kæranda að sú  
frétt sé „sérstaklega kærð“.

Blaðamönnum ber að sýna fyllstu  
tillitssemi í umfjöllun um viðkvæm mál  
er snerta minnihlutahópa varðandi  
nafngreiningu eða nánari tilgreiningu  
á þeim sem í hlut eiga. Gera verður  
greinarmun á því hvort tilgreiningar  
sé þörf, vegna samhengis við inntak  
fréttarinnar, eða hvort slík tilgreining  
sé óþörf.

Frétt sú sem hér er til umfjöllunar á  
rætur að rekja til þeirra upplýsinga  
blaðamanns að Lögreglan í Reykjavík  
hafi til rannsóknar hvort tilgreindur  
hópur fólks af erlendum uppruna hafi  
með skipulegum hætti farið á svig við  
lög í því skyni að afla löndum sínum  
réttinda hérlendis, sem þeir ella  
myndu ekki njóta.

Ekki liggur annað fyrir en að lög-  
regla hafi, þegar fréttin var birt, haft  
meinta háttsemi til rannsóknar vegna  
grunsemda sinna. Því var rétt að geta  
þess að málið væri reist á grunsemd-  
um. Tilgreining uppruna þess hóps,  
sem rannsóknin beinist að, er rökrétt-  
ur hluti fréttarinnar og felur því ekki í  
sér smámun vegna kynþáttar að mati  
siðanefndar.

## Úrskurður

Fréttablaðið telst ekki hafa brotið  
gegn siðareglum.

10. mars 2003

*Hjörtur Gíslason  
Asgeir Þór Árnason  
Hreinn Pálsson  
Sigurveig Jónsdóttir  
Jóhannes Tómasson*





# Alvarlegt brot

Mál 8/2002-2003

Kærandi

Sigurður Björgvinsson, skólustjóri Víðistaðaskóla

Kærði:

DV

Kæruefni:

Fréttaflutningur DV af lyfjagjöf í Víðistaðaskóla. Málið var kært með bréfi dagsettu 6. febrúar 2003 og barst það nefndinni 17.2. og var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 24.2., 10.3., 17.3. og 24.3. Greinargerð ritstjóra og umsögn blaðamanns bærust nefndinni 17.3.

Málavextir

Hinn 28. janúar s.l. birtist í DV frétt á síðu 2 undir fyrirsögninni „Bara glæpur og ekkert annað“. Vísað var til fréttarinnar á forsiðu blaðsins með fyrirsögninni „Skólar skammta ritalín“. Í fréttinni segir af föður sem hafði samband við blaðið í framhaldi fréttar um ritalingjöf til barna í Grafarvogi. Umræddur faðir lýsir þeirri skoðun sinni í blaðinu að ritalingjöf til barna sé glæpur og eftir honum er haft að skólayfirvöld afhendi honum reglulega ritalín. Vitnað er til fulltrúa skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar sem segir að sér sé ekki kunnugt um að ritalín sé gefið að frumkvæði grunnskóla. Sagðist fulltrúinn ætla að láta kanna hvað hæft væri í málinu. Hvorki var leitað viðbragða hjá stjórnendum Víðistaðaskóla né heilbrigðisyfirvöldum.

Kærandi kom athugasemdum strax á framfæri við DV, jafnframt hafði Helgi E. Helgason, upplýsingafulltrúi Kennarasambandsins, samband við DV vegna sama máls. Ritstjóri DV, Sigmundur Ernir Rúnarsson, sendir Helga tölvubréf 30. janúar og þar segir: „Fréttin fór hálfunnin í prentun vegna mistaka, þar vantaði klárlega viðbrögð og

sjónarmið skólustjóra... Ég ... veit að í fréttinni var hallað réttu máli. Ég harma þessi mistök og mun beita mér fyrir að fréttaflutningur okkar af þessu máli fari á réttar brautir.“

Daginn eftir, 31. janúar, birtist frétt á síðu 6 í DV undir fyrirsögninni „Ekki ætlunin að ráðast á neinn“ og í undirfyrirsögn biðst viðmælandi blaðsins afsökunar á óheppilegu orðalagi. Í fréttinni er haft eftir skólustjóra að skólinn úthluti ekki lyfjum, öll lyfjagjöf sem kunnir að eiga sér stað þar sé á ábyrgð heilsgæslunnar. Þá segir að skólustjórinn geti ekki setið undir þeim ásökunum sem komu fram í upphaflegu fréttinni og að hann krefjist afsökunarbeiðni. Í sömu frétt er vitnað til upphaflegs viðmælanda sem segir m.a.: „Ég ætlaði mér ekki að vera með persónulegar árásir á neinn í Víðistaðaskóla þó eflaust hafi mátt skilja orð mín svo... Það getur vel verið að ég hafi að einhverju leyti tekið fulldjúpt í árinna gagnvart skólanum og orðað þetta óheppilega og sjálfsagt er að biðjast afsökunar á því.“


Sama dag og seinni fréttin birtist sendir Sigurður Sigmundi Ernir, ritstjóra, ítarlegt tölvuskeyti þar sem hann rekur sögu málsins og samskiptin við blaðamann DV frá sínu sjónarhorni. Sigurður kveður viðmælanda DV vera „með aumt og óljóst yfirklor“ sem segi afskaplega lítið og hann bendir á að ekki sé tekið fram á hverju sé beðist afsökunar. Í skeytinu segir einnig: „Það væri því að mínu mati happadrygst fyrir blaðið og skólann að birt væri í blaðinu afsökunarbeiðni ykkar og þar með væri málinu lokið.“

Sigmundur Ernir svarar skeyti Sigurðar seinna sama dag og segir m.a.: „Ég skil viðbrögð þín ágætlega enda voru þær almennu vinnureglur brotnar við gerð þessarar fréttar að leita beggja eða fleiri sjónarmiða í hverju máli... Ég harma að almennar vinnureglur hafi verið brotnar við gerð fréttarinnar og það hafi bitnað á þér og þínum ágæta skóla.“

Umfjöllun

Í greinargerð ritstjóra til siðanefndar segir: „Fyrsta frétt blaðsins af þessu máli byggðist á viðtali við föður barns í umræddum skóla. Manninum er frjálst að viðra skoðanir sínar á síðum blaðsins, enda talar hann þar undir fullu nafni. Blaðamanni var gert að hafa samband við skólayfirvöld sem gagnrýni föðursins beindist að og var það gert. Viðbrögð þeirra voru birt með fréttinni.“ Með þessum ummælum virðist ritstjórinn leggja almenn greina-skrif og fréttaflutning að jöfnu. Benda má á að jafnvel þótt greinar séu ritaðar undir fullu nafni fæst ekki hvaða grein sem er birt í dagblöðum. Blaðamenn bera ábyrgð á fréttum sínum, rétt eins og greinarhöfundar á greinum sínum. Alkunna er að margar fréttahugmyndir verða ekki að frétt vegna mats blaðamanna og ritstjóra. Blaðamönnum er að sjálfsögðu frjálst að birta skoðanir nafngreindra manna í fréttum en jafnframt ber þeim að fara að siðareglum. Almenn vinnuregla blaðamanna er að leita eftir sjónarmiðum þess sem er skotsþótt fréttar. Ritstjóri segir það hafa verið gert og í umsögn blaðamanns kemur fram að leitað hafi verið til „æðstu skólayfirvalda í Hafnarfirði“ og haft hafi verið samband við Magnús Baldursson fulltrúa skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Í fréttinni og umsögn blaðamanns kemur fram að Magnús kannast ekki við að ritalín sé gefið í grunnskólum að frumkvæði skólayfirvalda. Þessi ummæli Magnúsar gefa enn frekari ástæðu til að leita viðbragða hjá stjórnendum Víðistaðaskóla og eftir atvikum heilbrigðisyfirvalda, á meðan unnið var að fréttinni.

Afsökunarbeiðnin sem birtist 31. janúar er óljós og hún kemur frá viðmælanda blaðsins. Hvergi kemur fram í blaðinu að ritstjórn þess harmi hvernig staðið var að fréttinni né að stjórnendum og starfsfólki Víðistaðaskóla sé beðið afsökunar fyrir hönd blaðsins. Siðanefnd er sammála því sem kemur



fram í tölvuskeyti Sigmundar Erniss til upplýsingafulltrúa Kennarasambandsins, um að klárlega hafi vantað viðbrögð og sjónarmið skólastjóra. Telja verður að almennar vinnureglur blaðamanna um vandaða upplýsingaöflun hafi verið brotnar við gerð fréttarinnar. Telja má DV til málsbóta að brugðist er skjótt við er þeim bærust viðbrögð skólastjóra, önnur frétt fylgir í kjölfar hinnar fyrri og þar

dregur viðmælandi blaðsins úr ásökunum sínum og setur fram almenna afsökunarbeiðni, hafi hann tekið fulldjúpt í árinna og orðað hugsun sína óheppilega í garð skólans. Siðanefnd telur hins vegar, vegna annmarka í vinnslu fréttarinnar, að DV hefði átt að birta skýra og ótvíræða afsökunarbeiðni sína í blaðinu.

#### Úrskurður

DV telst hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Brotið er alvarlegt.

24. mars 2003  
Hjörtur Gíslason  
Ásgeir Þór Árnason  
Hreinn Pálsson  
Sigurveig Jónsdóttir  
Jóhannes Tómasson



# Ekki brot

Mál 9/2002-2003

Kærandi:  
NN

Kærður:  
Gissur Sigurðsson fréttamaður á Fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar

Kæruefni:  
Frétt á Bylgjunni hinn 13. desember 2002

Kæran barst siðanefnd í bréfi dags. 7. febrúar 2003. Karl Garðarsson fréttastjóri Stöðvar 2 og Gissur Sigurðsson svöruðu með greinargerðum dags. 6. mars. Málið var tekið fyrir á fundum siðanefndar 17. og 24. febrúar og 10. og 17. mars.

#### Málavextir

Kærð frétt var flutt í hádegisfréttum Bylgjunnar þann 13. desember og að sögn kæranda í fleiri fréttatímum stöðvarinnar sama morgun. Þar segir m.a. „Sá einstaki atburður varð að lögregla var kölluð með hraði að sundlauginni í Laugardal í Reykjavík um klukkan hálfátta í gærkvöldi til að hemja mann sem brjáláðist eftir að hann rakst á konu í lauginni.“ Ennfremur segir í fréttinni að konan hafi verið að synda baksund og hafi synt óvart inn í svonefnda hraðbraut í lauginni þar sem karlmaðurinn var á fullri ferð og hafi þau rekist á. Kærandi, sem óskar nafnleyndar, segir að ekki hafi verið farið með rétt mál í fréttinni. Nefnir hann ýmis atriði sem

hafi verið rangfærð og telur hann fréttina brjóta í bága við 3. grein siðareglu Blaðamannafélags Íslands. Þar á meðal segir hann hvorki rétt að hann hafi reynt að slá konuna né sagt nokkuð niðurlægjandi við sundlaugarvörðinn. Þá telur hann ekki „að lögreglan hafi neitt stillt til friðar því það var enginn æstur nema vörðurinn,“ eins og segir orðrétt í kærinni. Þá sé það ekki rétt að hann sé rúmlega þritugur, heldur sé hann á fimmtugsaldri.

Kærandi kveðst hafa hringt í Gissur til að koma með athugasemd við fréttina en hann hafi ekki sagst hafa tíma til að ræða við hann enda væri hann búinn að tala við lögregluna, sundlaugarvörðinn og vitni.

Gissur Sigurðsson segir í greinargerð sinni að hann hafi fengið upplýsingar um málið hjá lögregluvarðstjóra á vakt og forstöðumanni laugarinnar sem hafi tjáð sér að sem betur færi væru svona atvik afar fátíð. Hann segir hugsanlega rétt að kærandinn hafi haft samband við sig „og viljað gjörbreyta frásögninni sér í hag“. Með hliðsjón af upplýsingum lögreglu og sundlaugarvarðar og því að maðurinn neitaði að gefa upp nafn sitt hafi hann ekki séð ástæðu til að verða við erindi hans. Hann hafi þá reglu að hafa ekki fréttir eftir mönnum sem hann viti engin deili á. Auk þess hafi ekkert í fréttinni getað bent til þess hvaða maður átti þarna hlut að máli. Karl Garðarsson segir í

sinni greinargerð að aðalatriði málsins sé að kærandi hafi neitað að segja til nafns þegar hann vildi gera athugasemdir við fréttina. Það hefði verið óbyrgt að hafa eitthvað eftir einstaklingi sem neitaði að upplýsa hver hann væri.

#### Umfjöllun

Siðanefnd hefur skoðað hina kærðu frétt og virðist að atburðarásin hafi verið með þeim hætti að menn hafi getað túlkað hana á mismunandi hátt. Hins vegar verður ekki séð að heimilaöflun hafi verið ófullnægjandi og í ljósi þess að upplýsingar voru hafðar eftir tveimur aðilum, lögreglu og forstöðumanni sundlaugarinnar, telur nefndin eðlilegt að fréttamaður hafi hafnað upplýsingum frá nafnlausum einstaklingi. Í fréttinni voru engin deili sögð á sundmanninum og því ekki ástæða til að ætla að umfjöllunin hafi getað valdið vanvirðu. Enginn, nema þeir sem viðstaddir voru, veit um hvaða fólk fréttin fjallaði og þeir sáu ef laust með eigin augum hvað þar fór fram.

#### Úrskurður

Kærði telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands.

17. mars 2003  
Hjörtur Gíslason  
Ásgeir Þór Árnason  
Hreinn Pálsson  
Sigurveig Jónsdóttir  
Jóhannes Tómasson

MANNLÍF

# Mjög alvarlegt brot

Mál 10/2002-2003

Kærandi:

NN (nafnleyndar óskað).

Kærðir:

Ritstjóri Mannlífs (Gerður Kristný Guðjónsdóttir) og fréttastofa Sjónvarpsins (fréttastjóri Elín Hirst).

Kæruefni:

Birting greinar í Mannlífi í janúar 2003 um kynferðislega misnotkun og afleiðingar hennar, og frétt um greinina í Sjónvarpi 13. janúar 2003.

Kæran var borin fram í bréfi dagsettu 9. mars 2003. Kærandi er náinn ættingi höfundar greinarinnar sem er tilefni kærunnar. Greinargerð barst frá Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur, dagsett í Nice 30. mars, og önnur frá Elínu Hirst dagsett 2. apríl. Kærandi brást skriflega við greinargerð Gerðar 10. apríl. Hann er ekki búsettur í Reykjavík og kom aldrei á fund siðanefndar.

Gerður Kristný var í þriggja mánaða orlofi í Frakklandi um þessar mundir. Hún fór þess á leit 8. maí að frekari svör hennar fengju að biðja þar til hún kæmi til landsins í mailok. Siðanefnd féllst á það. Gerður kom síðan á fund nefndarinnar 2. júní 2003, lagði þar fram nýja greinargerð sína í ljósi nýrra gagna, dagsettra 31. maí, og svaraði spurningum. Siðanefnd harmar að þessi langa tölur hefur orðið á afgreiðslu málsins og biður kæranda að afsaka hana. Gerður Kristný hefur beðist velvirðingar á sínum þætti í töfni.

Hinn 14. apríl ræddi siðanefnd ýmsar hliðar málsins við geðlækni sem kom á fund nefndarinnar að ósk hennar, og hafði sá áður rætt þær við aðra geðlækna og hjúkrunarfræðinga að höfðu samráði við nefndina. Nefndin kys að nefna ekki þennan lækni, án þess þó að hann hafi óskað

eftir þeirri leynd.

Siðanefnd hefur fjallað um málið á sex fundum: 31. mars, 7. apríl, 14. apríl, 28. apríl, 2. júní og 10. júní 2003. Frestun á afgreiðslu málsins í maí, að ósk Gerðar Kristnýjar, var ákveðin utan fundar að ráði allra nefndarmanna.

## Málavextir

Greinin „Hann átti að gæta mín“ birtist í janúarhefti Mannlífs 2003. Þar segir rúmlega þrítug kona, ónafngreind, frá kynferðislegri misnotkun sem hún kveðst hafa sætt sem barn af hálfu eldri bróður síns, og síðan frá erfiðum veikindum sínum á fullorðinsárum, með tíðum vistunum á geðdeildum og itrekuðum tilraunum til að svipta sig lífi. Greinin sem Mannlíf birti er frásögn konunar sjálftrar nær óbreytt. (Því til staðfestingar hefur ritstjóri Mannlífs lagt fyrir siðanefnd ljósrít af upphaflegu handriti.) Fáum dögum áður en heftið með greininni birtist stytta konan sér aldur. Hún var kistulögð og jarðsungen um þær mundir sem heftið kom út. Að kvöldi kistulagningardagsins var vitnað í Mannlífsgreinina í fréttum Sjónvarpsins, og þess getið að konan sem skrifaði hana væri látin og hefði fallið fyrir eigin hendi.

Kærandi lýsir í kærubréfinu málsatvikum, og rekur samskipti sín við Mannlíf og Sjónvarpið. Sjálf kæra hans hljóðar svo:

Kærandi telur að með umfjöllun sinni hafi bæði ritstjóri Mannlífs og fréttastofa RÚV gerst brotleg við 3. grein siðareglna Bláðamannafélags Íslands þar sem kveðið er á um að blaðamaður vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og syni fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Jafnframt að hann forðist allt, sem valdið geti saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Kærandi telur að ákvörðun ritstjóra Mannlífs að birta frásögn konunar án

þess að ráðfæra sig við fagfólk um andlegt ástand konunar beri ekki vott um vandaða upplýsingaöflun. Þetta sé sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirra alvarlegu ásakana sem koma fram í greininni, sem ekki beinast aðeins gegn meintum geranda, heldur einnig að nánum aðstandendum eins og t. d. foreldrum. Þá telur kærandi að með því að sýna ekki þá tillitssemi að seinka dreifingu blaðsins um einhvern tíma, sé enn aukði á þau særindi sem aðstandendur urðu fyrir vegna greinarinnar.

Kærandi telur að ákvörðun fréttastofu RÚV að birta frétt þar sem vitnað er orðrétt í frásögn konunar, sé einnig brot á 3. grein siðareglna Bláðamannafélagsins. Í þessu samhengi leggur kærandi sérstaka áherslu á að fréttamanni var kunnugt um að konan var nýlega látin, eins og fram kemur í fréttinni, og að hún hafi fallið fyrir eigin hendi. Jafnframt telur kærandi það ósmekklegt hvernig setning er tekin samhengislaust úr frásögn tímaritsins og tengd beint við viðtal við fulltrúa Stigamóta um þá ábyrgð foreldra að trúa börnum sínum.

Í greinargerð Elínar Hirst, fréttastjóra Sjónvarpsins, til siðanefndar, frá 2. apríl 2003, er kannast við að fréttastofan hafi brotið gegn 3. grein siðareglna blaðamanna. Elín segir:

Í svo viðkvæmu og vandasömu máli hefði átt að fara fram óháð upplýsingaöflun á vegum fréttastofunnar og hin ritstjórnarlega ákvörðun um birtingu fréttarinnar hefði átt að byggja á þeim upplýsingum. Ónóg upplýsingaöflun varð þess einnig valdandi að fréttastofunni var ekki kunnugt um að unga konan hefði verið kistulögð sama dag og fréttin birtist í Sjónvarpinu.

Undirrituð skrifaði foreldum stúlkunnar afsökunarbréf í janúar og ræddi einnig við föður hennar í síma. Þá hef ég boðist til þess af hálfu fréttastofunnar í samtali við kæranda að fréttastofan biðjist opinberlega af-

sökunar á umræddri frétt enda stendur engin deila um það milli aðila að vinnubrögð af þessu tagi eru brot á siðareglum. Ég vil að lokum ítreka að ég lýsi fullri ábyrgð á hendur mér sem fréttastjóra Sjónvarpsins í þessu máli og vona að ég, sem og aðrir starfsmenn fréttastofunnar, megi draga lærdóm af því.

Eins og fram er komið hefur Gerður Kristný Guðjónsdóttir, ritstjóri Mannlífs, sent siðanefnd tvær greinargerðir í þessu máli, dagsettar 30. mars og 31. maí 2003. Í hinni fyrri bregst hún við kærubréfinu, og í hinni síðari við svari kæranda við fyrri greinargerð hennar og fáeinum spurningum sem siðanefnd sendi henni til Frakklands 29. apríl 2003. Spurningarnar vörðuðu einkum þau tvö meginatriði kærunnar sem snúa að Mannlífi: útgáfutíma heftisins og það að tímaritið birti greinina „án þess að ráðfæra sig við fagfólk um andlegt ástand konunnar“ eins og segir í kærinni.

## Siðanefnd spurði:

Finnst Mannlífi ekkert athugavert við útgáfutíma greinarinnar? Hvað segir tímaritið um það sjónarmið að útgáfutíminn valdi því að lítið verði úr nafnleyndinni? Hefði ekki verið hægt að fresta birtingu greinarinnar eða útkomu heftisins fram yfir jarðarför?

Þessu svarar Gerður Kristný sem hér segir:

Rétt er að taka fram og ítreka að aldrei kom beiðni eða ósk frá aðstandendum konunnar að fresta dreifingu blaðsins, eftir að andlát hennar bar að höndum. Það hefði heldur ekki verið hægt þar sem búið var að dreifa blaðinu til áskrifenda og það því formlega komið út, þótt ekki væri búið að dreifa því á blaðsólustaði. Þá er og vert að vekja athygli á því að útgáfutími blaðsins getur ekki verið sjálfstætt álitamál fyrir siðanefnd. Ábyrgðarmaður Mannlífs birti ekki nafn grein-

arhöfundar og vart var hægt að þekka hana af þeim myndum sem með greininni birtust. Hugleiðingar um að nafnbirting hafi allt að einu farið fram vegna þess að greinarhöfundur féll frá á sama tíma og blaðið kom út eru óraunhæfar í lögfræðilegu tilliti, vegna þess að ábyrgðarmaður gat auðvitað ekki séð það fyrir.

Sem fyrr er sagt kom geðlæknir á fund siðanefndar 14. apríl 2003. Hann rakti þar viðhorf sín og annarra lækna og hjúkrunarfræðinga, bæði á sjúkrahúsi og utan þess, til siðferðisvandans sem hér er við að etja. Kjarni þess máls kemur fram í svohljóðandi spurningu siðanefndar til Gerðar Kristnýjar frá 29. apríl:

Siðanefnd hefur ráðfært sig við geðlækna sem segjast mundu hafa ráðið eindregið frá því að sjúklingur birti slíka grein í sjúkdómsferlinu. Ekki vegna þess að hann væri líklegur til að fara rangt með, heldur vegna hins að veikur maður geti átt erfitt með (a) að átta sig á hugsanlegum afleiðingum birtingarinnar og (b) að takast á við þessar afleiðingar þegar á hólminn er komið. Hefur Mannlíf eitthvað um þetta sjónarmið að segja?

Svar Gerðar Kristnýjar við þessari spurningu er tekið upp í heilu lagi í umfjöllunarkafli þessa úrskurðar hér á eftir.

Í greinargerðum málsaðilja er vikið að öðrum atriðum en þeim sem nú eru rakin, bæði að samskiptum kæranda og kærðu og eins að högum höfundar „Hann átti að gæta mín“ og fjölskyldu hans. En þessi atriði snerta ekki meginefni kærunnar og teljast því ekki til málavaxta.

## Umfjöllun

Mannlíf er annars vegar kært fyrir að seinka ekki útkomu janúarheftis tímaritsins um einhvern tíma, og hins vegar fyrir að hafa ekkert samráð haft við „geðlækni, sálfræðing eða þá aðila sem hafa haft þessa ungu konu til


meðferðar“ eins og segir í kærubréfinu. Hvort tveggja er talið varða við 3. grein siðareglna sem hljóðar svo:

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.

Um útkomutímamann segir Gerður Kristný meðal annars að dreifing heftisins til áskrifenda hafi verið afstaðin þegar andlát greinarhöfundar bar að höndum „og það því formlega komið út“. Og hún telur Mannlíf enga ábyrgð bera á því að vegna andlátsins hafi nafnleynd að einhverju leyti brugðist, enda hafi þau atvik verið ófyrirsjáanleg.

Siðanefnd sér ekki ástæðu til að rýna í einstök atriði um prentun og dreifingu þessa heftis af Mannlífi. Þess má þó geta að Steinar J. Lüðvíksson, útgáfustjóri Fróða sem gefur Mannlíf út, hefur í samtali við Jóhannes Tómasson siðanefndarmann staðfest frásögn Gerðar Kristnýjar um þessi atriði. En með því að leiða þau hjá sér er siðanefnd ekki að fallast á það sjónarmið Mannlífs að „útgáfutími blaðsins geti ekki verið sjálfstætt álitamál fyrir siðanefnd“.

Jafnvel þótt engin leið hefði verið, af tillitssemi við aðstandendur hinnar látnu, að fresta birtingu greinarinnar, og jafnvel þótt brigði á nafnleyndinni hefðu verið ófyrirsjáanleg með öllu, hefði tímaritið til dæmis getað brugðist við áður en lauk með einhverjum sambærilegum hætti við þann sem fréttastofa Sjónvarps hafði á. Fréttastjóri Sjónvarps skrifaði foreldrum greinarhöfundar afsökunarbréf, og bauð síðan kæranda að biðjast opin-



berlega afsökunar. Hér vantar á að Mannlíf hafi sýnt fyllstu tillitssemi í vandasömu máli.

Í greinargerð sinni frá 30. mars segir Gerður Kristný:

Kærandi finnur að því að ekki hafi verið haft samband við lækna konunnar í tengslum við greinina. Það hefði mér þótt mikið virðingarleysi við hana ...

Hér hefur hún ef til vill það í huga sem hún vikur að í öðru samhengi í síðari greinargerð sinni frá 31. maí: „Sjúkleiki sviptir fólk ekki rétti til að tjá sig og erfitt er að sjá að fólk sem haldið er geðveiki hafi þar minni rétt en t.d. þeir sem haldnir eru hjartasjúkdómi eða krabbameini.“

Í greinargerðinni frá 31. maí segir hún annað en 30. mars um samráð við lækna. Þetta er svar hennar við áðurgreindri spurningu siðanefndar um sjónarmið geðlæknanna sem nefndin innti állits:

Slíkt var ekki gert, þar sem vitað er að lækna gefa ekki þriðja aðila slíka umsögn. Þeir eru bundnir þagnarskyldu og það er brot á siðareglum þeirra að fjalla um mál einstakra sjúk-

linga. Það eina sem lækna greinarhöfundar hefðu því getað upplýst um var hugsanleg áhrif birtingar greinarnnar á sjúklinginn. Í þeim efnun vegast hins vegar á hagsmunir greinarhöfundarins og sú sannfæring ábyrgðarmanns Mannlífs að efnið ætti erindi við lesendur blaðsins og væri framlag í umræðu um kynferðislega misnotkun og alvarlegar afleiðingar slíks athæfis.

Hér fellst Gerður Kristný á að lækna sjúklingsins hefðu getað greint henni frá hugsanlegum áhrifum birtingar á hann. Það hefðu aðrir geðlækna, eins og þeir sem siðanefnd ráðfærði sig við, getað gert líka. Slíkt samráð við lækna þegar fjallað er um mikilsverð málefni sjúklings skerðir í engu réttindi sjúklingsins, þar á meðal fyllsta rétt hans til að segja sögu sína opinberlega. Samráðið er ekki virðingarleysi við sjúklinginn, heldur sýnir það umhyggju fyrir honum. Og ef læknaþeir sem Mannlíf hefði getað leitað til hefðu ráðið frá birtingu frásagnarinnar í sjálfu sjúkdómsferlinu, og tímaritið farið að ráði þeirra, hefði frásögnin getað birst síðar og þjónað

tilgangi sínum sem „framlag í umræðu um kynferðislega misnotkun og alvarlegar afleiðingar slíks athæfis“. Mannlíf virðist ekki hafa leitt hugann að þessum hliðum á málinu. Hér vantar mikið á að tímaritið hafi sýnt fyllstu tillitssemi í vandasömu máli.

Siðanefnd telur ekki þörf á að fjalla um þátt fréttastofu Sjónvarps í þessu máli umfram það sem Elín Hirst gerir sjálf í greinargerð sinni.

## Úrskurður

Gerður Kristný Guðjónsdóttir telst hafa brotið gegn 3. grein siðareglna. Brotið er mjög alvarlegt. Elín Hirst hefur kannast við brot fréttastofu Sjónvarps á sömu grein og beðist afsökunar á því. Siðanefnd áfellt hana ekki frekar.

Reykjavík 10. júní 2003

Þorsteinn Gylfason,

Hjörtur Gíslason,

Sigurveig Jónsdóttir,

Hreinn Pálsson,

Jóhannes Tómasson

## Land&synir

# Frávísun

Mál nr. 3/2003-2004

Kærandi:

Einar Þór Gunnlaugsson

Kærðu:

Ásgrímur Sverrisson ritstjóri og Björn Br. Björnsson ábyrgðarmaður Lands & sona, blaðs Íslenskra kvikmyndagerðarmanna

Kæruefni:

Grein í 38. tölublaði Lands og sona, mars-júní 2003

Kæran barst siðanefnd í bréfi dags. 6. ágúst 2003. Málið var tekið fyrir á fundum siðanefndar 1. og 8. september.

## Málavextir

Kærð grein var umfjöllun um stöðuna í íslenska kvikmyndageiranum og horfurnar framundan. Nokkrar spurningar um þetta efni voru lagðar fyrir fjölmarga aðila sem starfa á þessum vettvangi og vann Ásgrímur Sverrisson grein upp úr svörum þeirra. Kærandi var einn þeirra sem leitað var til og sendi hann svör sín með tölvupósti. Hluti af svörunum var notaður í greininni. Kærandi telur að birta hafi átt öll svörin en Ásgrímur tjáði honum að svör allra hafi verið stytta vegna þrengsla í blaðinu. Kærandi segist hafa óskað eftir frekari skýringum ábyrgðarmanns blaðsins og jafnframt að svar við síðustu spurningunni yrði birt í næsta tölublaði. Vildi hann að beðist yrði velvirðingar á vinnubrögðunum.

Kærandi segir að svar hafi ekki borist og ritstjórinn hafi neitað að verða við tilmælunum. Hins vegar hafi hann boðið kæranda að fjalla um málið í blaðinu.

## Umfjöllun

Siðanefnd skoðaði hina kærðu umfjöllun en telur að ekki séu efni til að fjalla efnislega um málið þar sem kærandi hafi fengið boð um að koma skoðunum sínum á framfæri í blaðinu.

## Úrskurður

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 8. september 2003

Kristinn Hallgrímsson

Hjörtur Gíslason

Hreinn Pálsson

Sigurveig Jónsdóttir

Örn Valdimarsson



# Ekki brot

Mál nr. 1 og 2 2003/2004

*Kærandi:*

*Guðmundur Kristjánsson hrl. f.h. kæranda sem óska nafnleyndar.*

*Kærðir:*

*Íslenska útvarpsfélagið hf. og Heimir Jónasson dagskrárgerðarmaður sem og stjórnendur þáttarins „Ísland í bítíð“ á Stöð 2.*

*Kæruefni:*

*Kærð er upptaka og birting dagskrárefnis í þættinum Ísland í bítíð á Stöð 2, þriðjudaginn 1. apríl 2003, um starfsemi erótískrar nuddkonu og miðvikudaginn 2. apríl um starfsemi vændiskonu. Málin voru kærð með bréfum dags. 5. maí 2003 og 26. maí 2003. Málin voru tekin fyrir á fundum nefndarinnar 12. og 19. maí 2003, 10. og 16. júní, 7. júlí, 1., 15. og 22. september 2003. Svör bárust frá Sigurði G. Guðjónssyni, forstjóra Norðurljósa hf. dags. 12. maí og 18. júní 2003, auk tölvupósts frá lögmanni kæranda dags. 12. júní og bréfi dags. 25. júlí 2003.*

Þar sem málin eru hliðstæð um flesta hluti ákvað siðanefnd að fjalla um þau sameiginlega.

**Málavextir:**

Kærunar varða upptökur sem sýndar voru í Ísland í bítíð og sendar voru út 1. og 2. apríl 2003. Kærendur segja upptökurnar gerðar í algjöru leyfisleysi og án sinnar vitundar. Dagskrárgerðarmaðurinn hafi haft brögð í tafli til að koma „athæfi sinu og verknaði í kring“. Við kynningu væntanlegs dagskrárefnis mánudaginn 31. mars 2003 hafi kærendur áttað sig á hvað til stóð að senda út. Haft hafi verið samband við dagskrárgerðarmanninn Heimi Jónasson og þess farið á leit við hann að útsendingarnar færu ekki fram. Jafnframt var vegna síðara málsins haft samband við Sigurð G. Guðjónsson. Dagskrárefnið var engu að síður sent út og telja kærendur að þar með hafi leiðréttingu verið hafnað. Telja kærendur ofangreint sé brot á 3. gr. siðareglna Bláamannafélags Íslands (BÍ).


Í bréfi sinu dags. 12. maí 2003 bendir forstjóri Norðurljósa fyrst á að félagið eigi ekki aðild að BÍ, og þannig skorti siðanefnd BÍ lögsögu yfir því. Jafnframt bendir hann á að Heimir Jónasson, yfirmaður íslenskrar dagskrár, sé ekki félagi í BÍ og þ.a.l. eigi siðanefndin ekki heldur lögsögu yfir honum. Hins vegar séu Jóhanna Vilhjálmstöttir og Þórhallur Guðmundsson, stjórnendur morgunþáttarins Ísland í bítíð á Stöð 2, félagar í BÍ og þannig geti siðanefnd BÍ átt

lögsögu yfir þeim varðandi störf þeirra sem blaða- eða fréttamanna. Þátturinn Ísland í bítíð sé skemmti- og dægurmálabáttur sem ekki heyri undir fréttastofu Stöðvar 2. Hvergi sé í kærinni vikið að þætti framan- greindra félaga í BÍ við að sýna og/eða kynna efni, sem þeir hafi enga aðild átt að framleiðslu á. Telur forstjóri Norðurljósa kærinni „ekki aðeins beint að röngum aðilum heldur eru ekki færð nein rök fyrir lögsögu siðanefndar Bláamannafélags Íslands í málinu“.

Forstjóri Norðurljósa segir að telji siðanefndin sig hafa lögsögu í málinu, sé nauðsynlegt að lögmaður kæranda geri nánari grein fyrir „hvað í umfjöllun um umbjóðanda hans í Íslandi í bítíð fór í bága við 3. gr. siðareglanna.“

Lögmaður kæranda vísar í kærui sinni til 229 gr. alm. hgl. sem leggir refsingu við því að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, en þær hafi ekki verið fyrir hendi í tilviki kæranda. Þá vísar hann til 86. gr. laga um meðferð opinberra mála sem fjalli um heimildir í þágu rannsóknar máls, m.a. um upptöku á samtölum og kvikmyndun án þess að hlutaðeigandi viti af því. Þessar lagagreinar sýni þá ríku vernd sem borgarinn njóti varðandi einkalíf sitt og einkamálefni.

Í bréfi sinu dags. 18. júní vekur forstjóri Norðurljósa sérstaka athygli á að það sé Íslenska útvarpsfélagið



hf., dótturfélag Noðurljósa hf. sem reki Stöð 2, og því sé kærinni beint að röngum aðila. Í annan stað hafi umfjöllunarefnið í þessu tilviki verið kynlífsiðnaðurinn á Íslandi. Til að koma í veg fyrir að kærundur þekktust hafi hljóð og mynd verið brengluð í útsendingu. Kærendum hafi þess vegna verið sýnd öll sú tillitssemi sem hægt hafi verið að sýna þeim og sé þetta nánast hið sama og nafnleynd í blaðaviðtali. Ekkert í umfjöllun um kynlífsiðnaðinn á Íslandi í þættinum Ísland í bitið hafi getað valdið saklausum sársauka eða vanvirðu. Og síðar: „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands á ekki og getur ekki bannað blaðamönnum eða þeim sem hún hefur lögsögu yfir að beita óhefðbundnum aðferðum við öflun upplýsinga. Með því væri blaðamönnum og öðru fjölmiðlafólki gert ómögulegt að stunda raunverulega rannsóknarblaðamennsku.“

## Umfjöllun:

Afgreiðsla málanna tafðist hjá siðanefnd af ýmsum ástæðum. Má þar nefna óvissu um málsaðild, sumarleyfi nefndarmanna og síðast

en ekki sist þá staðreynd að tímafrekt reyndist að fá úr því skorið hvort útsending báða dagana hefði verið brengluð. Í gögnum kæranda var óbrenngluð mynd af öðrum kæruaðila. Það var svo ekki fyrr en 15. september að rétt afrit af útsendingu barst siðanefnd þar sem í ljós kom með ótvíræðum hætti að báðar útsendingar voru brenglaðar.

Með vísan til bréfs lögmanns kæranda dags. 25. júlí 2003 var aðild málsins breytt, þannig að Íslenska útvarpsfélagið kemur sem aðili í stað Norðurljósa.

Í samræmi við lokamálsgrein 6. gr. siðareglna BÍ er engum vafa undirorpið að siðanefndin hefur lögsögu í kærumálinu og getur lagt á kærufnið rökstutt álit.


Siðanefnd er sammála lögmanni kæranda um að að öðru jöfnu hefðu hin óhefðbundnu vinnubrögð við efnisöflun hjá kærendum getað falið í sér brot á siðareglum BÍ. Á hinn

bóginn ber að lita til þess að um er að ræða starfsemi sem erfitt er að afla upplýsinga um en óhjákvæmlega kallar á umfjöllun fjölmiðla, starfsemi þar sem ólíklegt var að hefðbundin vinnubrögð fréttamanns hefðu skilað fullnægjandi árangri. Þess var gætt við útsendingu efnisins að kærundur þekktust ekki. Hljóð og mynd voru brengluð þannig að jafna má við nafnleynd kæranda. Því telur siðanefnd að kærðu hafi ekki í umrætt sinn, eins og sérstaklega stóð á, brotið 3. gr. siðareglna BÍ. Hin kærða umfjöllun var innan þeirra marka sem kærundur máttu búast við.

## Úrskurður:


Hin kærða umfjöllun felur ekki í sér brot á 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.

*Reykjavík, 22. september 2003  
Kristinn Hallgrímsson  
Hjörtur Gíslason  
Hreinn Pálsson  
Sigurveig Jónsdóttir  
Örn Valdimarsson*



# Tölvuorðabækur

Sjálfsagður hluti af íslenskum hugbúnaði



**NÝ**

## Íslensk orðabók

Nýja Íslenska orðabókin sem kom út fyrir ári í ritstjórn Marðar Árnasonar er nú komin í tölvuútgáfu.

- 105.000 uppflettimöguleikar
- skýr framsetning
- einföld í notkun
- hraðvirk
- fjöldi dæma og orðasambanda

## Ensk-íslensk / íslensk-ensk

Loksins er komin ný útgáfa **ensk-íslensku íslensk-ensku** tölvuorðabókarinnar sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Miklir uppflettimöguleikar meðal annars hægt að leita eftir beygingarmyndum orða og alveg ómissandi við villuleit.

**NÝ**



- Skólaorðabók  
ensk-íslensk /  
íslensk-ensk



- Dönsk-íslensk



- Frönsk-íslensk



Mál og menning  
edda.is